

Halldór

skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn
Þvottavélar
og þurrkarar





Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
26. október 2011
250. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Fórnarlamb þjófa

*Ljósmynd Baldurs Bragasonar stolið á sýningu í Svíþjóð.*

fólk 30

## Elsti borgari Eyja

*Ingunn Júlíusdóttir, 100 ára, er elsti íbúi Vestmannaeyja.*

tímamót 16



## Barist í Belfast

*Stelpurnar okkar mæta Norður-Írum ytra í kvöld.*

sport 26

## veðrið í dag




**DÁLÍTIL RIGNING** sunnan- og austanlands en annars að mestu leyti þurrt. Fremur hæg suðaustanátt víða um land og hiti á bilinu 3 til 10 stig.

VEÐUR 4

# IE krefst lögbanns á umsvif forstjórans sem var rekinn

**Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri Iceland Express, er sagður hafa „fegrað“ bókhald félagsins og nota nú trúnaðarupplýsingar þess í þágu nýs félags í flugrekstri. Lögbanns er krafist á notkun upplýsinganna.**

**DÓMSMÁL** Krafist er lögbanns á að Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri Iceland Express, notfæri sér trúnaðarupplýsingar frá félaginu til að vinna að stofnun annars fyrirtækis í flugrekstri.

Matthías var ráðinn forstjóri Iceland Express 1. janúar 2007. Að því er lögmaður félagsins segir í lögbannskröfu var Matthíasi sagt upp 19. september síðastliðinn fyrir að hafa „fegrað“ bókhald félagsins.

„Var hér um svo grófa rangfærslu bókhalds að ræða að stjórnin átti þann kost einan að leysa gerðarþola [Matthías] undan daglegri vinnuskyldu þegar í stað,“ segir í lögbannskröfunni. Þar kemur enn fremur fram að Matthías hafi haldið tölvum og símum sem félagið ætlaði að greiða fyrir þar til uppsagnarfresti lyki 1. apríl á næsta ári. Í tvö ár þar á eftir megi hann ekki fara í samkeppni við IE og í þrjú ár megi hann ekki hagnýta sér trúnaðarupplýsingar sem hann hafði aðgang að sem forstjóri.

„Í ljós er komið að gerðarþoli [Matthías] hefur í það minnsta frá því hann var leystur undan starfsskyldum hjá gerðarbeiðanda [IE], unnið að stofnun sams konar félags og gerðarbeiðandi er, sem meðal annars á að standa að áætlunarflugi til og frá Íslandi,“ segir í lögbannskröfunni sem lögð var fram hjá sýslumanninum í Reykjavík í gær. Auk lögbanns á að Matthías noti sér upplýsingar frá IE til hagsbóta fyrir annað félag er þess krafist að sýslumaður taki úr vörslu hans síma og tölvur í eigu IE.

> Var hér um svo grófa rangfærslu að ræða að stjórnin átti þann kost einan að leysa Matthías undan daglegri vinnuskyldu þegar í stað
>
> ÚR LÖGBANNSKRÖFU ICELAND EXPRESS

Látið er að því liggja í lögbannskröfunni að Matthías starfi fyrir nýtt félag í eigu Skúla Mogensen, Iceland Jet ehf. Ekki náðist í Matthías í gærkvöld og Skúli vildi ekki tjá sig um málið. - gar / sjá síðu 6



**GÆÐIR SÉR Á BERJUM** Þessi þröstur gæddi sér á reyniberjum af bestu lyst í gær. Reyniber eru góð til átu með réttri meðhöndlun. Berin má nota í hlaup og til víngerðar en til að vinna á beiskjunni í þeim verður að frysta þau í einn sólarhring og láta þau liggja í vatni í þrjá sólarhringa. Nauðsynlegt er að skipta um vatn oft á dag og láta renna á þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fer ekki í Bankasýsluna:

# Páll áfram hjá Kópavogsbæ

**STJÓRNSÝSLA** **Páll Magnússon hefur tilkynnt fjármálaráðherra að hann muni ekki þiggja starf forstjóra Bankasýslunnar. Hann dró uppsögn sína úr starfi bæjarritara í Kópavogi til baka í gær.**



PÁLL MAGNÚSSON

**„Það er óvinnandi verkefni fyrir hlutaðeigandi að sitja undir pólitískum afskiptum, en í raun hafa stjórnmálamenn krafist þess að lögum og reglum um opinberar ráðningar verði vikið til hliðar í málefnum Bankasýslunnar,“ segir Páll í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær.**

**Helgi Hjörvar, sem kallaði ráðninguna hneyksli úr ræðustól Alþingis, segir að Páll hafi tekið rétta ákvörðun. Hún komi ekki á óvart enda hafi Bankasýslan rúið sig trausti með mistökum sínum.** - sh / sjá síðu 8


Lactocare daily
Bætir meltinguna



Með daglegri inntöku á Lactocare daily stuðlar þú að bættri þarmaflóru og jafnar ástand meltingarinnar.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag.
Lactocare fæst í apótekum.


Samkeppniseftirlitið telur bankana ráða yfir helmingi fyrirtækja í landinu:

# Ægivald bankanna yfir atvinnulífinu

**VIÐSKIPTI** Bankarnir ráða, beint eða óbeint, yfir tæplega helmingi allra stórra fyrirtækja á helstu samkeppnismörkuðum hér á landi. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Samkeppniseftirlitið gerði á stöðu 120 stórra fyrirtækja.

Eftirlitið telur að í ljósi sterkrar stöðu viðskiptabankanna þriggja hafi þeir „ægivald yfir atvinnulífinu í dag og séu að því leytinu til ígildi viðskiptablokkar, hver í sínu lagi“ eins og segir í niðurstöðu rannsóknarinnar.

Slitastjórnir eru taldar fara með sjö prósenta ráðandi hlut í þessum stóru fyrirtækjum rétt eins og lífeyrissjóðir. Samanlagt ráða því bankar, slitastjórnir og lífeyrissjóðir, beint eða óbeint, yfir 60 prósentum af stærstu fyrirtækjum landsins.

„Ályktunin sem við drögum af rannsókn á þessum 120 fyrirtækjum var sú að það væri ekki verið að reka nægilega mörg þeirra með arðsemissjónarmið að leiðarljósi,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. „Við höfum líka áhyggjur af því að bankarnir hafi yfirráð yfir fleiri fyrirtækjum en þeir hafa tilkynnt til okkar og erum að skoða hvort svo er.“

þsj / sjá Markaðinn í miðju blaðsins


Maryland
NÝR OG STÆRRI PAKKI
Sama góða bragðið




Einn á dag
D-VÍTAMÍN
EIN TAFLA Á DAG : EKKERT GELATÍN



Íslensk framleiðsla
Fæst í apótekum um land allt

## SPURNING DAGSINS



*Rúnar, blómstrar Sóley bara í spriklinu með ykkur körlunum?*

„Hún blómstrar alls staðar og alltaf en sérstaklega við að kenna okkur.“

Rúnar Gunnarsson arkitekt er í hópi karla sem í aldarfjórðung hafa notið leiðsagnar Sóleyjar Jóhannsdóttur í morgunleikfimi. Hlé varð þó í nokkur ár á leikfiminni á meðan Sóley reyndi fyrir sér sem blómasali.

Fjöldi látinna kominn yfir 400 eftir skjálftann í Tyrklandi og margra er saknað:

# Fundu nýfætt barn á lífi í rústum

**TYRKLAND, AP** Tveggja vikna gamalli stúlku, móður hennar og ömmu var öllum bjargað á lífi úr rústum húss í Ercis í Tyrklandi í gær, tveimur sólarhringum eftir að stór jarðskjálfti reið þar yfir.

Að minnsta kosti sex til viðbótar var bjargað úr rústunum í gær, en 432 lík höfðu fundist í gærkvöldi. Þegar björgunarmenn fundu nýfæddu stúlkuna var hún í fangi móður sinnar, við hlið ömmunnar. Barninu var fyrst bjargað upp úr rústunum, við mikinn fögnuð. Faðir stúlkunnar var einnig í rústunum en hann hafði ekki fundist í gærkvöldi og engin merki voru um að fleiri væru á lífi í byggingunni.



**BJÖRGUN** Tveggja vikna gömul stúlkan nýkomin upp á yfirborðið og á leið í skoðun til lækna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrr í gærdag hafði þungaðri konu verið bjargað úr rústum húss ásamt tveimur börnum hennar.

Tyrknesk yfirvöld hafa lofað aukinni aðstoð við þá sem eiga um sárt að binda, en um tólf þúsund tjöld til viðbótar þarf fyrir þá sem hafa misst heimili sín. Fólk hefur hafist við undir berum himni frá því að skjálftinn reið yfir, en um 500 eftirskjálftar hafa mælst síðan þá.

Fréttir hafa borist af slagsmálum um neyðaraðstoð og því að tjöldum og teppum hafi verið stolið. Rauði hálfmáninn í Tyrklandi hefur viðurkennt að ekki hafi tekist að hjálpa öllum sem þurfi. **- þeb**

Sérlega hættuleg árás:

# 63 spor í andlit eftir glasakast

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa á veitingastaðnum Prikinu í Reykjavík slegið eða kastað stóru bjórglasi í andlit annars manns. Fórnarlambið skarst víða í andliti og þurfti að sauma skurðina með alls 63 sporum. Auk þess hlaut maðurinn fleiri áverka og bólgur. Hann krefst þess að árásarmaðurinn verði dæmdur til að greiða sér rúmlega 1,1 milljón króna í skaðaog miskabætur. **- jss**

Ekki tilefni til rannsóknar:

# Kæru á hæstaréttardómara var vísað frá

**DÓMSMÁL** Kæru varðstjóra í lögreglunni á Selfossi á hendur hæstaréttardómara hefur verið vísað frá, samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkissaksóknara. Er það gert á grundvelli laga um meðferð sakamála þar sem ríkissaksóknari taldi ekki efni til að hefja lögreglurannsókn út af henni.

Eins og Fréttablaðið greindi frá kærði Svanur Kristinsson, varðstjóri í lögreglunni, Árna Kolbeinsson hæstaréttardómara fyrir rangar sakargiftir. Árni hafði áður kært Svan fyrir afglöp í starfi. Héraðsdómur Suðurlands sýknaði Svan af ákæru þess efnis. **- jss**



**ALLT Á KAFI** Gríðarleg flóð hafa verið í Suðaustur-Asíu undanfarnar vikur. Þessi mynd var tekin í gær í útjaðri Bangkok. Nú flæðir ört inn í borgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Óttast að flóðbylgjan nái fangelsi Brynjars

**Systir Brynjars Mettinissonar grátbiður um fjárstuðning svo hægt sé að flytja bróður hennar úr fangelsi á flóðasvæði í Bangkok. Utanríkisráðherra svari ekki, lögfræðingur Brynjars tali ekki ensku og ræðismaðurinn segi alla eiga erfitt.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ekki er hægt að sofa á gólfinu þegar það er flóð þarna inni!“ segir í ákalli systur Brynjars Mettinissonar, fanga í Taílandi, um fjárstuðning honum til handa. Ákallið var sent út í gær vegna flóðanna sem geisa nú í Suðaustur-Asíu.

„Nú eru flóðbylgjur að skella á alls staðar þar sem hann Brynjar er og það er ein á leiðinni inn í fangelsið eftir tvo daga,“ segir systirin, Eva Davíðsdóttir, í bréfinu, sem birt var á samskiptavefjum og sent vildarvinum. „Það mun ná Binna upp að hné/maga.“

Samkvæmt upplýsingum frá taílenskri kærustu Brynjars þurfi að leysa hann út gegn tryggingu svo hægt sé að flytja hann af hættusvæði. Því þurfi að safna fé.

Brynjar var handtekinn í Bangkok í byrjun júní og úrskurðaður í þriggja mánaða gæsluvarðhald vegna tengsla sinna við fíkniefnamál.



**BRYNJAR METTINISSON**

Brynjar er talinn hafa ætlað að flytja lítra af metamfetamíni í vökvaformi til Japans ásamt áströlskum vini sínum. Sjálfur segist hann hafa verið gabbaður af araba sem hafi talið honum trú um að vökvinn væri lyfjablanda ætluð japönskum lækni.

Brynjar átti að fá jafnvirði tæpra 300 þúsund króna fyrir viðvikið en var handtekinn þegar hann réð burðardýr til verksins, sem reyndist vera dulbúinn lögreglumaður.

Hann hefur síðan búið við illan aðbúnað í fangelsi í höfuðborginni og beðið réttarhalda.

„Nú eru allir fangar samþjappaðir og ég skil ekki hvað er að gerast!“ segir Eva í ákalli sínu. „Við vitum ekki hvað við eigum að gera eða hvern við eigum að tala við. Össur er ekkert búinn að svara okkur, lögfræðingurinn talar enga ensku og Brynjar fær ekki að vita neitt,“ bætir hún við.

Hún segir móður þeirra hafa náð tali af ræðismanni Íslands þar ytra en hann hafi sagt að allir hefðu það erfitt í Taílandi.

Eva kveðst ekki vita hvað það mun kosta að fá bróður sinn fluttan, en þar sem þau borgi mánaðarlega fyrir mat hans og aðrar nauðsynjar sé enginn peningur eftir fyrir aðrar nauðsynjar. „Svo ég bið ykkur, virkilega grátbið ykkur að hjálpa okkur Binna.“

stigur@frettabladid.is

Traust á stofnunum kannað:

# Fæstir treysta landsdómi

**SAMFÉLAGSMÁL Um 16 prósent landsmanna treysta landsdómi, samkvæmt könnun sem MMR gerði á trausti fólks til nokkurra helstu stofnana landsins á sviði réttarfars og dómstóla. Fæstir treystu landsdómi en flestir, 78,3 prósent, sögðust treysta Landhelgisgæslunni.**

**Um 47 prósent treysta sérstökum saksóknara og 44,8 prósent ríkislögreglustjóra. Báðar stofnanir nutu meira trausts í síðustu könnun í febrúar. Þá fækkaði þeim sem treysta héraðsdómstólum og ríkissaksóknara. Aðrar stofnanir mældust með svipað traust og áður.** **- þeb**

Biðlar til Ögmundar:

# Vill rannsókn á hvarfi Valgeirs

**LÖGREGLUMÁL** Unnur Millý Georgsdóttir, barnsmóðir Valgeirs Víðissonar, hefur óskað eftir fundi með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra þar sem hún hyggst biðja hann um að taka upp rannsókn á málinu á ný.



**VALGEIR VÍÐISSON**

„Ég trúi því að hann hafi verið myrtur,“ sagði Unnur Millý við Vísi í gær. Hún segir að Valgeir hafi verið kominn í vandræði gagnvart valdamiklum mönnum í undirheimunum. Unnur segist hafa nýjar upplýsingar undir höndum og telur að rannsókn lögreglunnar hafi verið verulega ábótavant.

Valgeir hvarf 19. júní árið 1994 en þá var hann rétt tæplega þrítugur. Ekkert hefur til hans spurst síðan. Rannsókn fór fram á hvarfi Valgeirs. Einn maður var handtekinn og framseldur frá Hollandi til Íslands en var sleppt að lokum.

Vilja stækka varasjóð ESB:

# Norski sjóðurinn spennandi

**NOREGUR** Bæði norski olíusjóðurinn og kínverska ríkið eru spennandi kostir sem fjárfestar í varasjóði evrusvæðisins. Þetta sagði Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, þegar norskir blaðamenn spurðu hann um málið.



**SIGBJORN JOHNSEN**

Sigbjörn Johnsen, fjármálaráðherra Noregs, segir að ekki hafi farið fram viðræður um þátttöku olíusjóðsins eða norska ríkisins við ESB vegna þessa. Stjórnendur sjóða geti sjálfir tekið ákvörðun um hvort þeir vilji fjárfesta í varasjóðnum. Johnsen segir að ef ríkið verði beðið um þátttöku þá verði slík bón tekin alvarlega. Norðmenn hafi þegar hjálpað Íslendingum og Lettum, og boðist til að lána Írum í þeirra kreppu. **- þeb**






Fyrrverandi þingmaður telur á sér brotið og höfðar mál gegn Persónuvernd:

# Frábiður sér hnýsni í kortafærslur

**DÓMSMÁL** „Við erum bara komin í þjóðfélag sem George Orwell lýsti í bók sinni 1984. Hið vakandi auga ríkisins hefur eftirlit með þér,“ segir Jón Magnússon, lögmaður og fyrrverandi alþingismaður, sem hefur stefnt Persónuvernd fyrir dómstóla og krafist ógildingar á úrskurði hennar.

„Persónuvernd heimilaði Seðlabanka Íslands að skoða kreditkortafærslur allra Íslendinga með tilliti til gjaldeyrisyfirfærslna. Það var gert án nokkurs lágmarks eða skilyrða. Ég tel að þarna sé brotinn réttur á mér með því að heimila óeðlilega hnýsni í mín einkamálefni,“ segir Jón.

Hann segir engan einstakling í þjóðfélaginu undanskilinn í heimild Seðlabankans og því hljóti hann að teljast hagsmunaaðili í málinu, eins og allir aðrir.

„Það er alveg hægt að viðurkenna að þegar menn setji svona fyrirbrigði eins og gjaldeyrishöft geti þurft að fylgja því eftir með víðtækum skoðunum í þjóðfélaginu, en þá ber náttúrulega að takmarka það þannig að þú sért ekki með fjármál allra borgara í landinu gjörsamlega opin fyrir skoðunarmönnum,“ segir Jón.

„Ég vil bara ekki að Stóri bróðir geti verið með nefið ofan í öllu mínu,“ bætir hann við og kveðst munu láta kalla seðlabankastjóra og fleiri fyrir dóminn til að gera grein fyrir málinu. **- sh**



**LÍÐUR EINS OG Í 1984** Jón Magnússon vill að Seðlabankinn verði sviptur heimild til að skoða kreditkortafærslur.

ENGIN VANDAMÁL - BARA LAUSNIR

TOYOTA

# Er ekki tími til kominn að smyrja? Ég bara smyr.

Nú er sértilboð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.




## 20% afsláttur

Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi í október, m.a. af olíu, síum, rúðuþurrkum og bílaperum.*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu.

Komdu í heimsókn.
Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

## GENGIÐ 25.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,97 | 114,51 |
| Sterlingspund | 182,51 | 183,39 |
| Evra | 158,86 | 159,74 |
| Dönsk króna | 21,334 | 21,458 |
| Norsk króna | 20,668 | 20,79 |
| Sænsk króna | 17,423 | 17,525 |
| Japanskt jen | 1,4958 | 1,5046 |
| SDR | 180,7 | 181,78 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

214,0879

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hættir að auglýsa Megafiskiviku af ótta við málsókn og sektir:

# Fiskikóngurinn lúffar fyrir Domino's

**VIÐSKIPTI** „Það er ekkert mál að láta í minni pokann," segir Kristján Berg, fisksali í Fiskikónginum, sem hefur orðið við kröfu pitsukeðjunnar Domino's um að hætta að auglýsa svokallaða Megafiskiviku.

Kristján fékk tölvupóst úr herbúðum Domino's á mánudag eftir að auglýsingarnar birtust fyrst. Þar sagði að rekstraraðili Domino's ætti einkaleyfi á vörumerkinu Megaviku og notkun Fiskikóngsins bryti líklega í bága við það, jafnvel þótt „fiski" væri bætt í það mitt.

Kristján var í fyrstu ekki viss um hvernig bregðast skyldi við og afréð að halda auglýsingunum áfram í einn dag hið minnsta. Í gær gafst hann síðan upp.



**BÚIÐ Í BILI** Kristján auglýsti Megafiskivikuna bara í tvo daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég þorði ekki að eiga á hættu að fá milljónasektir og lögfræðingaher yfir mig," segir hann. „Þannig að kóngurinn verður að hneigja sig og beygja fyrir stærri öflum í þessu ágæta þjóðfélagi."

Kristján tilkynnti starfsmanni Domino's um þessa ákvörðun í tölvupósti og baðst afsökunar á að hafa troðið fyrirtækinu um tær.

„Ekkert stórmál," fékk hann til baka frá Domino's, ásamt uppástungu um að nota orðið Megadaga, sem ekki yrðu gerðar athugasemdir við. - sh

Vottaði Tyrkjum samúð:

# Forsetinn sendi samúðarkveðju

**UTANRÍKISMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur sent starfsbróður sínum í Tyrklandi, Abdullah Gül, samúðarkveðjur vegna jarðskjálftans í Tyrklandi.

Í samúðarkveðjum forsetans kemur fram að hugur Íslendinga sé hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem hafi látist eða slasast. Þjóðir heimsins séu á slíkum tímum reiðubúnar að rétta hjálparhönd, og samstaða og samhjálp séu brýnar þegar hamfarir náttúrunnar ógni lífi og heilsu. - þeb

Bandarískir sérfræðingar:

# Vilja bólusetja drengi við HPV

**BANDARÍKIN, AP** Ráðgjafanefnd stjórnvalda í Bandaríkjunum um bólusetningar hefur lagt til að ungir drengir verði bólusettir fyrir HPV-veirunni, líkt og stúlkur.

Bóluefnið er nú gefið stúlkum til að koma í veg fyrir leghálskrabbamein, og hefur slík bólusetning einnig verið hafin hér á landi. Nú segja læknar að bólusetja ætti drengi til að koma í veg fyrir að þeir fái kynfæravörtur og nokkrar tegundir krabbameins. Þá væri einnig hægt að koma í veg fyrir að drengir smiti stúlkur af veirunni. - þeb

# Norðmenn ráða för í samstarfi um þyrlur

**Íslendingar hafa skuldbundið sig til að byrja að greiða af nýrri björgunarþyrlu árið 2015. Hafa boðið verkið út ásamt Norðmönnum, sem hafa lokaorðið um hvort tilboði verður tekið. Forstjóri Landhelgisgæslunnar fagnar áfanganum.**

**ÖRYGGISMÁL** Íslendingar hafa boðið út þyrlukaup í samstarfi við Norðmenn og munu, að því gefnu að Norðmenn samþykki eitthvert tilboð, eignast björgunarþyrlu fyrir árið 2020 sem gæti kostað fimm milljarða.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Útboðið var auglýst í Noregi á mánudag. Samkvæmt því hyggjast Norðmenn kaupa minnst sextán leitar- og björgunarþyrlur, með möguleika á að fjölga þeim um sex, og Íslendingar eina þyrlu með möguleika á að fjölga þeim í þrjár.

„Við erum að tala um gríðarlegar fjárfestingar í slíkum þyrlum en með því að fara inn í þennan pakka með Norðmönnum náum við betri kjörum en við gerum ella," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. Hins vegar kveði samningurinn á um að ekki komi til neinna fjárútláta fyrir Íslendinga fyrr en árið 2015. Þyrlan verði afhent á árunum 2018 til 2020.

Samstarfssamningur um útboðið var fyrst gerður í nóvember árið 2007. Þá stóð til að Íslendingar keyptu þrjár til fjórar þyrlur.

En felst einhver skuldbinding í því fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu útboði? „Já, við erum að skuldbinda okkur til að festa kaup á þyrlu," segir Ögmundur. „Síðan er möguleg að Norðmenn fái ekki niðurstöðu sem þeir sætti sig við – og þar með við líka." Með öðrum orðum felur samkomulagið í sér að við fylgjum Norðmönnum að máli; ef þeir taki tilboði gerum við það líka. „Við treystum þarna á Norðmenn," segir Ögmundur.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, fagnar tíðindunum. „Landhelgisgæslan fagnar því mjög að hafist skuli vera handa við langtímalausn á þyrlumálum Íslendinga," segir hann. stigur@frettabladid.is



**RÁNDÝRT TÆKI** Þegar rætt var um samstarfið á fyrstu stigum þess árið 2007 voru einkum tvær þyrlutegundir nefndar til sögunnar sem mögulegur kostur. Önnur var AgustaWestland EH1 og hin Sikorsky S-92. Sú síðari sést hér á myndinni.

## Ríkisstjórn samþykkir að leigja þyrlu

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að þótt útboðið sé fagnaðarefni leysi það ekki bráðavandann sem við sé að etja.

„Við stöndum frammi fyrir því vandamáli núna að verða aðeins með eina þyrlu í standi eftir áramót. Við erum að reyna hvað við getum til að koma í veg fyrir að svo verði en höfum ekki fundið lausn á því – og erum reyndar töluvert langt frá því," segir Georg. „Þetta verkefni breytir engu um það."

Ögmundur Jónasson er sammála því að þann vanda verði að leysa. „Við þurfum að fá þyrlu til leigu og það er mjög brýnt að frá því hafi verið gengið um áramótin þegar TF-LÍF fer í nokkurra mánaða klössun. Inni í ríkisstjórn liggur fyrir minnisblað um það sem verður endanlega afgreitt á næsta ríkisstjórnarfundi á föstudag," segir Ögmundur. Minnisblaðið kveði á um viðbótarfjárveitingu til leigu á þyrlu.

Fyrirtækin harma slys:

# Maðurinn enn í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL Líðan mannsins, sem lenti í alvarlegu slysi á Dalvegi í síðustu viku, var óbreytt síðdegis í gær að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild Landspítalans. Maðurinn var þá enn í öndunarvél.**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn slyssins þar sem gámabíl var ekið í veg fyrir manninn sem var á reiðhjóli, þannig að hann lenti undir bílnum. Íslenska Gámafélagið ehf. og SORPA bs. hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem fyrirtækin harma slysið og segjast hafa brugðist við með því að fara yfir allt verklag, öryggi og aðstöðu, hvort hjá sér, í því skyni að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. - jss**

Ómönnuð lögreglustöð:

# Öryggi íbúa er stefnt í hættu

**LÖGGÆSLA Öryggi íbúa Dalasýslu og þeirra sem leið eiga um sýsluna er stefnt í hættu, eftir að hætt var að manna lögreglustöð þar.**

**Svo segir í samþykkt aðalfundar Lögreglufélags Vestfjarða. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld tryggi öryggi landsmanna með viðunandi hætti. Með niðurskurðarkröfum undanfarin ár hafi öryggisstiginu verið ógnað. Löngu sé tímabært að stjórnvöld taki ákvörðun um hvert öryggis- og þjónustustig eigi að vera á Íslandi. Loks krefst fundurinn sanngjarnrar lausnar í kjaramálum. - jss**

Jarðsettur í eyðimörkinni:

# Gaddafí fékk ómerkta gröf

**LÍBÍA** Lík Múammars Gaddafí og Mutassims sonar hans voru grafin í gær, að sögn stjórnvalda í Líbíu. Þá var fyrrverandi varnarmálaráðherra Gaddafís einnig grafinn á sama stað.



MÚAMMAR GADDAFÍ

Líkin voru sett í ómerkta gröf í eyðimörkinni fyrir sólarupprás. Ættingjar Gaddafís fengu að vera viðstaddir ásamt nokkrum embættismönnum. Ættingjarnir vildu að feðgarnir yrðu jarðsettir fyrir utan heimaborgina Sirte, þar sem þeir létust.

Nýjum stjórnvöldum í Líbíu reyndist erfitt að ákveða hvað gera skyldi við lík einræðisherrans fyrrverandi. - þeb

LÖGREGLUMÁL

## Snákur í Breiðholti

Lögreglumenn fundu nýverið sprelllifandi snák í Breiðholtinu. Dýrið var tekið í vörslu lögreglu og síðan flutt að Keldum þar sem gerðar voru viðeigandi ráðstafanir.


## Aðalfundur Sumarhúsafélag Úthlíð

Reykjavík 25. október 2011

**Ágæti sumarhúsaeigandi í landi Úthlíðar Biskupstungum.**

Til stendur að endurvekja Félag sumarhúsaeigenda í Úthlíð. Því hefur verið ákveðið að boða til aðalfundar **fimmtudaginn 10. nóvember næstkomandi kl 20.** að Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík í sal Stangaveiðifélags Reykjavíkur (Austurveri).

**Dagskrá fundar er eftirfarandi:**

- Kosning formanns
- Kosning annarra stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Ákvörðun um árgjald til félagsins
- Öryggismál
- Önnur mál

Við hvetjum ykkur öll til að mæta, ræða málin og huga að öryggi sumarhúsaeigenda í Úthlíð.

**Fyrir hönd undirbúningsnefndar:**
Magnús Ólafsson s: 898-0860
Edda Dungal s: 899-0028


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLEGT** verður veðrið næstu daga. Það má búast við dálítilli rigningu víða í dag og á morgun og nokkuð mildu veðri, en heldur kólnandi á föstudag og líklega slydda norðan til, en sunnanlands verður úrkomulaust að minnsta kosti fram eftir degi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 16° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 6° |
| París | 14° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is


Nuddinudd!
1414 App fyrir iPhone og Android
1414 APP
Notaðu nýja 1414 Appið í snjallsímanum eða spjald-tölvunni
Þín ánægja er okkar markmið
vodafone.is

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú hlynnt(ur) því að tekinn verði upp sykurskattur til að vinna gegn offitu?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,2% |
| Nei | 60,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt af Páli Magnússyni að þiggja ekki stöðu forstjóra Bankasýslunnar?*

Segðu þína skoðun á visir.is. vísir

Stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaga í Reykjavík, fjallaði um þing SUS:

# Harmar vinnubrögð í Heimdalli

**STJÓRNMÁL** Ýmislegt hefði mátt betur fara við val á fulltrúum Heimdallar á sambandsþing Sambands ungra sjálfstæðismanna í lok ágúst. Þetta segir Vörður, fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Þá harmar stjórn Varðar vinnubrögð fyrrverandi stjórnar Heimdallar.

Björn Jón Bragason, sem sóttist eftir embætti formanns SUS á þinginu, lagði fram erindi til stjórnar Varðar eftir þingið. Steingrímur Sigurgeirsson, formaður Varðar, hefur staðfest það við Fréttablaðið og að málið hafi verið tekið fyrir á fundi. Björn Jón gerði athugasemdir í átta liðum en stjórn Varðar segir tvennt standa upp úr.



BJÖRN JÓN BRAGASON

Í fyrsta lagi að stjórnarmönnum í Heimdalli hafi verið meinaður aðgangur að fulltrúalistum þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað. Þá segir að ekki hafi verið orðið við beiðni 63 félagsmanna í Heimdalli að halda félagsfund innan tímamarka sem nauðsynleg hafi verið.

Stjórnin segist harma vinnubrögð fyrrverandi stjórnar Heimdallar í aðdraganda á vali fulltrúa á þing SUS, „og með því meðvitað eða ómeðvitað ekki beitt þeim lýðræðislegu vinnubrögðum sem tíðkast eiga innan Sjálfstæðisflokksins“. Þá fagnar Vörður því að nýkjörin stjórn Heimdallar hyggist endurskoða starfsreglur sínar.

- þeb

Ákærður fyrir allmörg brot:

# Kannabisræktandi stal hárlit

**DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir ýmis brot, þar á meðal kannabisræktun og þjófnaði.**

**Manninum er gefið að sök að hafa stolið 70 þúsund krónum úr veitingasölu Skíðafélags Akureyrar í Hlíðarfjalli. Þá stal hann hárlit úr Samkaupum á Akureyri.**

**Loks fann lögregla níu kannabisplöntur og nítján græðlinga á heimili hans þegar hún gerði leit þar. Að auki reyndist maðurinn vera með tæp sextán grömm af maríjúana.**

- jss


Kanarí

15. nóvember

Ótrúlegt sértilboð! *****

Frá kr. 99.900

**7 nátta ferð - síðustu sæti!** Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum til Kanaríeyja þann 15. nóvember. Í boði eru sértilboð m.a. á Maspalomas Lago smáhýsum og Jardin del Atlantico íbúðarhótelinu. Beint flug frá Kanaríeyjum á leiðinni til Kanaríeyja þann 15. nóvember. Á heimleið er flogið til Tenerife og þaðan til Íslands þann 22. nóvember. *Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!*

**Frá kr. 99.900**
**Maspaloma Lago**
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í 7 nætur.

**Frá kr. 129.700**
**Jardin del Atlantico með allt innifalið**
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í 7 nætur.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






★★★★

„Maður þarf alls ekki að vera vel að sér í norrænum fræðum til að njóta kvöldstundarinnar í Norræna húsinu, frekar að vera tilbúinn til að láta koma sér á óvart og njóta lífsins“

- Sigríður Björg Tómasdóttir, Fréttablaðið -

„Ómissandi fyrir matgæðinga og leikhúsunnendur“
„Upplifun af þessu tagi er áreiðanlega framtíðin í skemmtanaiðnaðinum í heild sinni“

- Inga Rún Sigurðardóttir, Morgunblaðið -

„Með því sterkasta sem ég hef upplifað, leidd blíðlega í gegnum sýninguna. Einstakur viðburður á heimsmælikvarða“

- Dominique Plédel Jónsson, matgæðingur og eigandi Vínskólans -

„Ef þið viljið upplifa einstakan matarlistar- og leiklistargjörning, hafið þá snar handtök og tryggið ykkur miða“ - Viðar Eggertsson, stjórnandi útvarpsleikhússins RÚV -

Miðasala; www.midi.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtudagur | 27/10 | kl. 20 | sýning |
| Föstudagur | 28/10 | kl. 20 | takmarkaður sætafjöldi |
| Laugardagur | 29/10 | kl. 20 | takmarkaður sætafjöldi |
| Sunnudagur | 30/10 | kl. 20 | sýning |
| Fimmtudagur | 03/11 | kl. 20 | aukasýning |
| Föstudagur | 04/11 | kl. 20 | aukasýning |

REPUBLIQUE DILL restaurant NORRÆNA HÚSIÐ


# Lögbannskrafa gegn fyrrverandi forstjóra

**Iceland Express krefst lögbanns á að fyrrverandi forstjóri nýti sér upplýsingar úr starfinu til hagsbóta fyrir aðra. Hann er sagður hafa verið rekinn fyrir að fegra bókhaldið. Fylgst var með símanotkun forstjórans eftir brottreksturinn.**

**DÓMSMÁL** Lögbanns er nú krafist á að Matthías Imsland hagnýti sér upplýsingar sem hann fékk í starfi sem forstjóri Iceland Express til að vinna að stofnun nýs félags í flugrekstri.

Í lögbannskröfu Iceland Express (IE), sem lögð var fram hjá sýslumanninum í Reykjavík í gær, segir að Matthías hafi, eftir að hann hafa verið rekinn 19. september síðastliðinn, verið í „miklu sambandi við viðskiptavini“ Iceland Express í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Frakklandi. Hann hafi sömuleiðis „haft samband við fyrrum undirmenn sína hjá gerðarbeiðanda [IE] til að kanna hug þeirra til þess að skipta um starfsvettvang og fara að starfa hjá sér í nýju félagi“ með sömu uppbyggingu og IE.

Með þessu hafi Matthías brotið gegn ákvæði í ráðningarsamningi um að hann megi ekki efna til samkeppni við félagið í tvö ár frá lokum uppsagnarfrests og ekki hagnýta sér trúnaðarupplýsingar þess í þrjú ár. Félagið hafi komist að fyrirætlunum Matthíasar með því að skoða útskrift af notkun á farsíma sem hann hafi fengið að taka með sér frá IE og félagið átti að greiða af þar til sex mánaða uppsagnarfrestur sé á enda.

„Gerðarþoli [Matthías] hefur síðan hann var rekinn úr starfi sýnt með athæfi sínu og gerðum að hann hefur ríkan vilja og ásetning til að brjóta gegn ólögbundinni og lögbundinni trúnaðarskyldu sinni gagnvart gerðarbeiðanda [IE] og nýta í eigin þágu og annarra atvinnuleyndarmál hans, sem hann hafði aðgang að og var trúað fyrir sem forstjóra,“ segir í lögbannskröfunni.

Þá er Matthíasi borið á brýn að hafa „fegrað“ uppgjör Iceland Express á þessu ári. Þetta hafi meðal annars verið gert með því að eignfæra kostnaðarliði til að sýna betri afkomu af rekstri en raunin var og áætla tekjur sem enginn fótur hafi verið fyrir. „Var hér um svo grófa rangfærslu bókhalds að ræða að stjórnin átti þann kost einan að leysa gerðarþola undan daglegri vinnuskyldu þegar í stað,“ segir í lögbannskröfunni.



**MATTHÍAS IMSLAND** Forstjórinn sem sagt var upp í september er nú sagður nota tölvur, síma og trúnaðargögn í eigu Iceland Express til að efna til samkeppni við félagið og brjóta þannig ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



PÁLMI HARALDSSON



SKÚLI MOGENSEN

Þrátt fyrir þessi meintu bókhaldsbrot Matthíasar segist Iceland Express ekki hafa séð „ástæðu til að láta hann skila gsm-síma, blackberry, fartölvu eða borðtölvu“ sem Matthías hafi haft heima hjá sér enda hafi það verið starfstengd hlunnindi. Þessi tæki og trúnaðargögn í þeim um rekstur Iceland Express frá því að Matthías varð forstjóri 1. janúar 2007 hafi hann undir höndum og noti nú í þágu annars aðila. Þess sé því krafist að sýslumaður taki þessa hluti af Matthíasi í sína vörslu.

Í lögbannskröfunni segir að svo virðist sem vinna Matthíasar fari fram í skrifstofuhúsnæði á Suðurlandsbraut 18. Þar séu til húsa fyrirtækin Iceland Jet ehf., sem stofnað hafi verið 29. september og Fjárfestingafélag ehf. sem sé „í eigu eða undir stjórn Baldurs Odds Baldurssonar og Skúla Mogensen. „Ég þarf að tala betur við þig seinna,“ sagði Skúli spurður í gærkvöld hvort hann kæmi að félagi sem hygði á flugþjónustu til og frá Íslandi.

Ekki náðist í Matthías Imsland í gærkvöld.

gar@frettabladid.is

Lögreglan á Selfossi rannsakar fjölda innbrota og þjófnaðarmála:

# Innbrotafaraldur í Þorlákshöfn

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotafaraldur hefur geisað í Þorlákshöfn undanfarnar helgar. Að sögn lögreglunnar á Selfossi, sem rannsakar málin, virðast þau tengjast. Íbúarnir ræða nú nauðsyn þess að koma upp eftirlitsmyndavélum á hringtorgi við bæinn og vegum sem liggja að honum.

Að undanförnu hefur verið brotist inn á tvo veitingastaði. Á báðum stöðum var stolið flatskjáum og bjór og á öðrum þeirra var peningakassinn tæmdur. Í öðru tilvikinu þurfti að nota slípirokk til að komast að flatskjánum.

Í Bíliðjunni í Þorlákshöfn var bíl stolið í tvígang. Í fyrra skiptið voru piltar undir tvítugu að verki en í hið síðara fimmtán og sextán ára piltar. Hinir síðarnefndu voru stöðvaðir af lögreglu á Arnarnesi í Garðabæ um nýliðna helgi. Sá sextán ára var við stýrið en hinn í framsætinu.



**LÖGREGLAN** Rannsakar fjölda innbrota.

Enn fremur var brotist inn á smíðaverkstæði í Þorlákshöfn og rótað í lyfjakassa þar.

Fyrirtækið Járnkarlinn varð einnig fyrir barðinu á innbrotsþjófum, sem stálu þar myndavél. Þeir skildu eftir sig íþróttatösku með kúbeini á staðnum. Innbrotsþjófarnir hafa heimsótt fleiri fyrirtæki og verslanir, þar sem þeir hafa ýmist rótað til eða haft á brott með sér þýfi sem þeir ágirntust.

- hs, jss

## 200.000.000
## +1.800.000.000

# 2000 000 000



# ÞÚ TALDIR RÉTT:
# 2 MILLJARÐAR

Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.800 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 26. OKTÓBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| **E.** | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| **F.** | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| **G.** | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| **H.** | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

FÍTON / SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hver er fráfarandi formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur?*

**2.** *Hver er forsprakki Wikileaks?*

**3.** *Á hvað voru eignir Múammars Gaddafí metnar við dauða hans?*

**SVÖR**

*1. Þorsteinn Gunnarsson 2. Julian Assange 3. Rannsókn sýnir eignir að andvirði 200 milljarða dala.*

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu á lokasprettinum í rannsókn fjórtán milljóna tryggingasvikamáls:

# Tveir með stöðu grunaðs í lífeyrissvikamáli

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er langt komin með rannsókn sína á máli þar sem í ljós kom að Tryggingastofnun hafði haldið áfram að greiða út ellilífeyri á bankareikning konu í tíu ár eftir að hún lést úti í Bandaríkjunum.

Lífeyririnn var greiddur inn á reikning hér heima en tekinn út af honum jafnóðum. Leikur grunur á að þeir sem það gerðu hafi nýtt sér fjármunina í eigin þágu. Tveir einstaklingar hafa stöðu grunaðs í málinu.

Það var árið 2000 sem konan, sem var íslenskur ríkisborgari, lést úti í Bandaríkjunum, þar sem hún hafði búið frá því á sjötta áratug síðustu aldar. Hún var á níræðisaldri þegar hún lést.

Af óútskýrðum ástæðum var andlát konunnar ekki skráð hér heima, þannig að Tryggingastofnun hélt áfram að greiða út lífeyri í hennar nafni.

Alls greiddi stofnunin um fjórtán milljónir króna í tíu ár eftir andlát hennar en ekkert gaf stofnuninni tilefni til að hætta lífeyrisgreiðslunum, þar sem dánartilkynning hafði ekki borist til Þjóðskrár og þaðan áfram til Tryggingastofnunar. Virðist helst sem dánarvottorð hafi aldrei borist til Íslands frá Bandaríkjunum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu yfirheyrt fólk sem talið er tengjast málinu.

Ellilífeyrir konunnar var lagður inn hér heima en tekinn út í reiðufé um leið og hann barst inn á reikninginn, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

**- jss**



**Í REIÐUFÉ** Lífeyririnn var tekinn út í reiðufé jafnóðum og hann var lagður inn á reikning.








**HÆTTUR** Páll Magnússon telur sér ekki sætt í Bankasýslunni, frekar en stjórn hennar, sem hætti degi fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Páll þiggur ekki starfið

**Páll Magnússon segir óvinnandi verkefni að sitja undir pólitískum afskiptum og ætlar þess vegna ekki að þiggja starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Alþingismenn standa við gagnrýni á ráðninguna.**

**STJÓRNSÝSLA** Páll Magnússon tilkynnti Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra í gær að hann gæti ekki tekið við starfi forstjóra Bankasýslunnar, sem hann hafði verið ráðinn til.

Degi fyrr hafði þriggja manna stjórn Bankasýslunnar beðist lausnar vegna „afskipta utanaðkomandi afla“ af ráðningu Páls. Stjórnarmennirnir tiltóku þar sérstaklega viðbrögð alþingismanna.

Ekki náðist í Pál í gær en í yfirlýsingu sem hann sendi fjölmiðlum segir hann að með afsögn stjórnar Bankasýslunnar séu allar forsendur brostnar fyrir því að hann komi til starfa. „Það er óvinnandi verkefni fyrir hlutaðeigandi að sitja undir pólitískum afskiptum, en í raun hafa stjórnmálamenn krafist þess að lögum og reglum um opinberar ráðningar verði vikið til hliðar í málefnum Bankasýslunnar.“

Ráðningin hefur sætt mikilli gagnrýni, meðal annars af hálfu annarra umsækjenda um stöðuna og nokkurra alþingismanna. Þeir hafa meðal annars bent á að Páll hafi enga reynslu af störfum á fjármálamarkaði og hafi verið aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttir viðskiptaráðherra þegar bankarnir voru einkavæddir.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, kallaði ráðningu Páls hneyksli úr ræðustól þingsins í síðustu viku. Hann stendur við þau orð. „Ég held að framvindan síðan og sá álitshnekkir sem Bankasýslan hefur orðið fyrir staðfesti einfaldlega að þetta hafi verið rétt ályktun,“ segir Helgi.

Hann segir að ákvörðun Páls um að þiggja ekki starfið hafi verið rétt. „Ég virði ákvörðun Páls og stjórnar Bankasýslunnar. Þær komu auðvitað ekki á óvart í ljósi þess að Bankasýslan glataði trúverðugleika með þeim mistökum sem voru gerð,“ segir hann.

**Mun starfa áfram fyrir Kópavogsbæ**

Páll Magnússon óskaði eftir því á bæjarstjórnarfundi í Kópavogi í gær að fá að draga til baka uppsögn sína úr starfi bæjarritara.

„Það var samþykkt af öllum,“ segir Hafsteinn Karlsson, forseti bæjarstjórnar. „Hann hefur verið mjög farsæll og góður starfsmaður hér og reynst öllum vel hvar í flokki sem þeir standa.“

Spurður um orð Páls og stjórnarmannanna um óeðlileg pólitísk afskipti segist hann hafa talið það skyldu sína sem alþingismanns að tala skýrt og skilmerkilega um málið. „Ef ákvarðanir manna eru þess eðlis að þær þoli ekki umræðu í þinginu þá er nærtækt að álykta að ákvarðanirnar hafi ekki verið byggðar á nægilega traustum grundvelli.“

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar, gagnrýndi ráðninguna einnig harðlega. „Ég held að það hafi verið óhjákvæmilegt að hann færi úr starfinu því hann naut ekki trausts meginþorra almennings, sem er skiljanlegt í ljósi sögunnar og hefur ekkert með almennt hæfi hans að gera,“ segir hún.

Ummæli hennar um ráðninguna verði ekki túlkuð sem pólitísk afskipti. „Ég lít á það sem hlutverk þingmanna að endurreisa traust á stjórnsýslu og stjórnmálamönnum og að mínu mati brást stjórn Bankasýslunnar því trausti.“

Steingrímur J. Sigfússon mun á næstunni skipa Bankasýslunni nýja stjórn og hennar fyrsta verk verður væntanlega að ráða nýjan forstjóra. Ekki náðist í Steingrím vegna málsins í gær.

**stigur@frettabladid.is**






FJARKENNSLA Í BEINNI

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

## Vefur, grafík og myndvinnsla

### Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag:

- **Photoshop**
- **Illustrator**
- **InDesign**

Einnig læra þáttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF) og hanna auglýsingar fyrir dagblöð, tímarit og bæklinga.

Kennt á þriðjudögum og fimmtudögum
kl. 18:00-21:30 + laugardaga kl. 9-12:30
**Lengd: 105 std. Verð: 129.000 kr. Hefst: 1.nóv**

### WordPress

Wordpress er opinn hugbúnaður sem nýta má endurgjaldslaust og er eitt vinsælasta vefumsjónarkerfið í heiminum í dag.
Þetta námskeið er kjörið fyrir alla sem vilja koma sér upp eigin vef með litlum tilkostnaði. Þátttakendur setja upp eigin vef frá grunni og er gert ráð fyrir að þátttakendur sæki um sitt eigi lén eða notist við lén sem þeir kunna að eiga. Þáttakendur geta nýtt fjölbreytta hýsingarkosti og fá kennslu og aðstoð við að uppsetningu á vefumsjónarkerfi.

Kennt á mánudögum og miðvikudögum kl. 18:00-21:30
**Lengd: 26 std. Verð: 29.000 kr. Hefst: 2.nóv**

**Skráning á vorönn hafin. Kíktu á promennt.is og skoðaðu þau fjölmörgu námskeið sem í boði eru.**

· Sérfræðinám · Vefur, grafík og myndvinnsla
· Bókhalds- og skriftstofunám · Almenn tölvunámskeið

## Sérfræðinám

### MCTS Kefisstjórnun

Þetta námskeið er kjörið sem undirbúningur fyrir þá sem vilja læra rekstur minni netkerfa en ekki síður sem grunur fyrir þá sem hyggjast síðar stefna á MCITP Server 2008 gráðuna. Farið er yfir og kennt allt það helsta sem viðkemur uppsetningu og rekstri Small Business Server 2011 frá Microsoft ásamt nethögun (networking).
Kennt á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:00-20:30
**Verð: 149.000 kr. Lengd: 110 std. Hefst: 1.nóv**

### SCCM (Microsoft System Center Configuration Manager)

Fimm daga námskeið í uppsetningu, innleiðingu og rekstri á SCCM 2007 sem einfaldar kerfisstjórum til muna rekstur á upplýsingakerfum ásamt því að draga verulega úr kostnaði við uppsetningu og dreifingu hugbúnaðar.
**Lengd: 50 std. Verð kr. 295.000, Hefst 7. nóv.**
**- Innifalið er allt kennsluefni**
Boðið er upp á VISA/EURO staðgreiðslulán til allt að 36 mánaða.

### Önnur námskeið sem hefjast á næstu vikum:

- **SQL Server 200** - Nokkur námskeið í boði
- **Sharepoint** - Developers - Power Users - Administrators
- **Innbrotavarnir** (Penetration Testing)
- **Internet Information Services in Windows Server 2008**

## Bókhalds- og skrifstofunám

### Navision fjárhagsbókhald

Á námskeiðinu er kennd meðferð bókhaldsgagna og eru nemendur þjálfaðir til starfa við tölvubókhald í Navision. Þetta nám er ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í handfærðu bókhaldi í framhaldsskóla.
Kennt: mán, mið og fös kl. 8:30-12:00 eða mán, mið og lau 18:00-21:30 (lau 9:00-12:30).
**Lengd: 42 std Verð: 54.000kr. Hefst: 16.nóv**

### Tollskýrslugerð

Á þessu námskeiði eru kynntar helstu reglur er varða innflutning eins og t.d. tollskýrslugerð, innflutningstakmarkanir og undanþágur. Farið er yfir fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna við innflutning og gerð tollskýrslna. Farið er m.a. yfir myndun tollverðs og útreikning aðflutningsgjalda. Kynntir eru fríverslunarsamningar og notkun tollskrárinnar.
Kennt: mán, mið og fös kl. 8:30-12:00 eða mán, mið og lau 18:00-21:30 (lau 9:00-12:30).
**Lengd: 21 std Verð: 28.000kr. Hefst: 5.des**

Microsoft Partner
Silver Learning

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011



Dr. Henry Petroski,
öndvegisfyrirlesari Verkfræði- og
náttúruvísindasviðs, flytur erindið:

SUCCESS AND FAILURE IN ENGINEERING:
A Paradoxical Relationship

Dr. Henry Petroski er verkfræðingur og prófessor í byggingarverkfræði og sagnfræði við Duke-háskólann í Suður-Karólínufylki í Bandaríkjunum. Hann hefur ritað fjölda bóka um verkfræði, nýsköpun og hlutverk mistaka í verkfræðilegri hönnun.

Fyrirlesturinn er í röð öndvegisfyrirlestra á aldarafmæli Háskóla Íslands og fer fram í Hátíðasal skólans, Aðalbyggingu, **laugardaginn 29. október nk. kl. 14.00.**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 112841

Gravograph heimsækir Ísland.

GRAVOGRAPH

Gravograph mun frá 30. október til 3. nóvember heimsækja Reykjavík, Ísland. Við munum búa á Icelandair hótel í Reykjavík þar sem við höfum sýningarherbergi með eftirfarandi tæknibúnaði.

LS100 C 35Watt





M40

M20 RV



Þar að auki munum við, ef það er hægt, heimsækja þá viðskiptavini í Reykjavík sem eftir því óska. Ef þú vilt fá okkur í heimsókn, þá ertu beðin/n um að hafa samband við Gravograph dk í síma (+45) 4613 9600 eða
í síma: (+45) 4031 9021 og leggja inn ósk um að við heimsækjum þig.
Við munum gera okkar besta til að heimsækja viðskiptavini mánudaginn 31. október.

Gravograph dk A/S - Industrisvinget 9 - DK-4030 Tune, Danmark
Tölvupóstur: gravo@gravograph.dk
Komið og sjáið sýninguna okkar - eða við getum komið til ykkar!



Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
BYLGJAN 25 ÁRA 989

Áhugafólk um hreindýr á Vestfjörðum:

# Stofna hreindýrasamtök

**VESTFIRÐIR** Unnið er að stofnun samtaka áhugafólks um hreindýr á Vestfjörðum. Samtökin munu beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á smithættu milli sauðfjár og hreindýra. Þetta kemur fram á fréttavef Bæjarins besta.

Þá vilja samtökin að gerð verði rannsókn á gróðurfari á Vestfjörðum í þeim tilgangi að athuga hvort nægjanlegt æti sé fyrir hreindýr á svæðinu. Stofnfundur verður haldinn laugardaginn 3. desember og geta þeir orðið félagsmenn sem eiga lögheimili á Vestfjörðum, eiga þar fasteignir eða jarðir. - sv



**HREINDÝR** Áhugamenn um hreindýr á Vestfjörðum vilja láta gera rannsóknir á smithættu milli sauðfjár og hreindýra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HLIÐ VIÐ HLIÐ** Penninn er að koma sér fyrir í þriggja hæða skrifstofuhúsi við hlið húsgagnaverslunarinnar Casa í Skeifunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kanna rekstur Arion banka á Pennanum

**Samkeppniseftirlitið ætlar að kanna hvort nauðsynlegt sé að setja eignarhaldi Arions á Pennanum frekari skilyrði. Bankastjóri Arion segir söluferli Pennans hafa tekið „allt of langan tíma“.**

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið er með rekstur Arion banka á Pennanum til athugunar og kannar hvort nauðsynlegt sé að setja eignarhaldi bankans á Pennanum frekari skilyrði. Þetta kemur fram í tilkynningu sem eftirlitið sendi frá sér í gær.

Þar segir einnig að Arion banki hafi haldið því fram að eftirlitið hafi ekki lagaheimildir til að setja rekstri bankans á Pennanum frekari skilyrði. Hann hafi þó lýst yfir vilja til að ræða hugsanlegar úrbætur. Sú rannsókn stendur enn yfir og hefur Samkeppniseftirlitið meðal annars kallað eftir upplýsingum um fjárhagsleg samskipti bankans og Pennans.



HÖSKULDUR ÓLAFSSON

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Eignabjarg, félag í 100% eigu Arion banka, hefði aukið hlutafé sitt í Pennanum um 200 milljónir króna í september. Nýi Penninn, sem var stofnaður í apríl 2009, tapaði samtals rúmum milljarði króna á árunum 2009 og 2010 þrátt fyrir að skuldir upp á um 8 milljarða króna hafi verið skildar eftir í þrotabúi gamla Pennans og að Arion banki hafi breytt um 1,2 milljarða króna skuld í hlutafé þegar félagið var sett á fót.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir að sala Pennans hafi tekið allt of langan tíma. „Stundum fara hlutirnir ekki eins og til var ætlast. Ég verð að segja að það hefur gengið alveg einstaklega illa að koma Pennanum í söluhæft ástand. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Þetta er flóknari rekstur en margur annar. Það voru ákveðnar fyrirstöður varðandi leigusamninga og ýmislegt slíkt. En burtséð frá öllu þessu þá hefur þetta bara tekið allt of langan tíma. Ég er þeirrar skoðunar.“

> Við erum ekki hér alla daga að reka bókabúð. Armslengdarsjónarmið eru mjög í heiðri höfð í þessu
>
> HÖSKULDUR ÓLAFSSON
> BANKASTJÓRI ARION BANKA

Hann vill þó árétta að Arion reki ekki Pennann heldur virði bankinn armslengdarsjónarmið í þeim efnum. „Rekstur Pennans er í ákveðnum strúktúr eins og hjá öðrum fyrirtækjum sem við höfum tekið yfir. Þar er haldið utan um þessa eignarhluti, fólk fengið í stjórn fyrirtækjanna og stjórnendur ráðnir til að reka þau. Við erum ekki hér alla daga að reka bókabúð. Armslengdarsjónarmið eru mjög í heiðri höfð í þessu.“

Penninn sendi einnig frá sér yfirlýsingu í gær til að svara því sem stjórnendur fyrirtækis kalla aðdróttanir í garð Pennans. Þar kemur meðal annars fram að rekstur Pennans sé jákvæður og að engir peningar frá Arion banka hafi farið í rekstur fyrirtækisins. Þá hafnar Penninn því alfarið að vera í „mjúkum faðmi bankans“.

thordur@frettabladid.is




# Velkominn til starfa, Þór

Óskum Landhelgisgæslunni, sjófarendum og íslensku þjóðinni til hamingju með nýjan og glæsilegan farkost. Varðskipinu Þór er ætlað að gegna mikilvægu og fjölbreyttu hlutverki við eftirlit, mengunarvarnir, björgunarstörf, löggæslu og aðra þjónustu á hafsvæðinu í kringum Ísland.

Rolls-Royce

HÉÐINN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrusvæðið hefur efnahagslegar forsendur til að ná sér á strik.

## Spurning um pólitískan vilja

Við þekkjum orðið vel talið um að allt sé að fara til andskotans á evrusvæðinu, evran muni líða undir lok og allt það. Sumir tala eins og þeir hlakki beinlínis til.

Það getur verið gagnlegt að bregða upp samanburði við önnur öflug gjaldmiðilssvæði. Það gerði Tristan Garel-Jones, fyrrverandi Evrópumálaráðherra í ríkisstjórn Íhaldsflokksins í Bretlandi, í grein í Financial Times í fyrradag. Hann bendir þar á að á evrusvæðinu í heild sé fjárlagahallinn (meginundirrót vandans sem glímt er við) áætlaður 4,1 prósent af landsframleiðslu á þessu ári og viðskiptajöfnuðurinn (sem segir til um jafnvægið í inn- og útstreymi gjaldeyris) jákvæður um 0,1 prósent. Í Bretlandi sé fjárlagahallinn 8,5 prósent og viðskiptahallinn 2,7 prósent. Skuldir ríkissjóðs séu hærra hlutfall af landsframleiðslu en í sumum verst settu evruríkjunum, til dæmis á Spáni. Í Bandaríkjunum er fjárlagahallinn 9,6 prósent og viðskiptajöfnuðurinn neikvæður um 3,1 prósent.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Samt gera fáir því skóna að dollarinn eða sterlingspundið leggist af fljótlega. Fjölmiðlar heimsins og fjármálamarkaðir eru miklu uppteknari af evrusvæðinu en hlutskipti Bandaríkjanna eða Bretlands (að ekki sé talað um litla krónusvæðið okkar, þar sem fjárlagahallinn var hátt í níu prósent af landsframleiðslu í fyrra og viðskiptahallinn rúm tíu prósent).

Á heildina litið er evrusvæðið í betri málum efnahagslega en ýmis önnur stór hagkerfi. Kreppan liggur í hallarekstri og skuldavanda einstakra ríkja (og ríflegum útlánum banka til þessara sömu ríkja) og þeirri staðreynd að smíði Efnahags- og myntbandalagsins var aldrei kláruð.

Ótti markaðanna við að verr fari á evrusvæðinu en til dæmis hjá notendum dollarans og sterlingspundsins er þó ekki ástæðulaus. Það er flóknara að ná pólitískri samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir á meðal sautján ríkja sem nota evruna (og í sumum tilvikum allra 27 aðildarríkja Evrópusambandsins) en það er fyrir eina ríkisstjórn að koma sér saman um aðgerðaplan.

Óvissan snýst ekki sízt um það hvort öll ríkin eru reiðubúin að gera það sem gera þarf. Það getur þýtt að almenningur í evruríkjunum sem bezt standa þurfi að færa fórnir til að bjarga þeim sem verr standa, vilji fólk halda áfram að njóta kosta sameiginlegs gjaldmiðils. Þetta gleymdist að útskýra fyrir kjósendum þegar evran var innleidd. Sömuleiðis er ekki víst að öll aðildarríkin séu reiðubúin að undirgangast þann aga í ríkisfjármálum sem er nauðsynlegur, ekki aðeins til að komast út úr kreppunni til skemmri tíma heldur einnig og ekki síður til að fyrirbyggja að hún endurtaki sig.

Á fundi leiðtoga Evrópusambandsins í dag reynir því á pólitískan vilja og evrópska samstöðu. Það er langt í frá sjálfgefið að þeim takist það ætlunarverk að koma evrusvæðinu út úr kreppunni. Það er hins vegar misskilningur að afleiðingarnar af slíku skipbroti fyrir heimshagkerfið séu eitthvert tilhlökkunarefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Viðkvæmur ráðherra

Ögmundur Jónasson er fljótur fram á ritvöllinn þyki honum tilefni til. Fréttastofa Ríkisútvarpsins sendi Ögmundi á dögunum fyrirspurn um ferðakostnað ráðuneytisins vegna ráðstefnu í Mexíkó. Ögmundur fagnar áhuganum, en finnst þó ekki nema hálf sagan sögð. Verðugt rannsóknarefni sé að skoða kostnað vegna viðræðna við ESB. Ríkisútvarpið hafi sagt A og hljóti að halda áfram. Vissulega er fínt að spyrja um kostnað sem víðast, en það er sérkennileg krafa að ekki sé hægt að spyrja um kostnað í einu ráðuneyti án þess að því fylgi spurningar um kostnað við allt á milli himins og jarðar.



### Hæg heimatökin

Ögmundur vill meðal annars að Ríkisútvarpið kanni ferðakostnað vegna viðræðnanna í stjórnsýslu, ráðuneytum og á Alþingi. Það ættu að vera hæg heimatökin fyrir þingmann og ráðherra að upplýsa um þann kostnað. Raunar hefur verið upplýst að kostnaður við aðildarviðræður er innan fjárheimilda sem Alþingi samþykkti.

### Vill 70% skattalækkun

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, skrifaði í gær grein um ferð sína til Moskvu. Hann dásamaði rússneska hagkerfið, þar væri 4,5 til 5 prósenta hagvöxtur og allt í blóma. Látum nú vera að bera saman nýmarkaðsríki og þróað, hvorki Ísland né önnur ríki Vesturlanda munu ná viðlíka hagvexti og ríki á borð við Rússland, Kína og Brasilíu á næstu árum. Athyglisverðari er þó dásömun Helga á skattkerfi Rússlands, en þar er tekjuskattur 13 prósent, en 47 prósent hér. Það verður ekki skilið öðruvísi en formaður Samtaka iðnaðarins vilji lækka skatta um 70 prósent.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Vaknið nátttröll

Atvinnumál



Kristján G. Gunnarsson
formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis

Alkunna er að hér á Suðurnesjum er atvinnuleysi alvarlegast á landinu. Þversögnin er hins vegar sú að stærsta og raunhæfasta lausnin á atvinnuleysinu er rétt innan seilingar og hefur verið tilbúin undanfarin ár. Það sem á skortir er fyrst og fremst pólitískur vilji ríkisstjórnarinnar til að standa við fjárfestingarsamning um álver í Helguvík og þar með vilji fjármálaráðherra til að létta sérhönnuðum pólitískum fjötrum af Landsvirkjun.

Á nýlegum íbúafundi í Garðinum um atvinnu- og orkumál kom fram í máli Kristjáns L. Möller, formanns atvinnuveganefndar Alþingis, að Helguvík væri eina stóra atvinnuskapandi verkefnið á Íslandi sem tilbúið væri til framkvæmda næstu tvö árin. Umhverfismati væri lokið, starfsleyfi fengið, samningar klárir við birgja og verktaka, fjármögnun tryggð og búin. Það eina sem vantaði væri að ganga endanlega frá orkusölumálum til álversins. Ljóst væri að þar yrði Landsvirkjun að koma að málum til að hrinda þessu mikilvæga verkefni af stað.

Viðræður hafa verið í gangi um verð og magn. Sú stefna Landsvirkjunar að fá sem hæst verð fyrir sína orku er sjálfsögð, þær áherslur eru alls ekki nýjar af nálinni. Hins vegar má benda á að LV stefnir á að selja 1.500 MW í framtíðinni þannig að 10% af því, 150 MW til Norðuráls í áföngum á næstu 4-5 árum, er mjög góður leikur. Það kemur hlutum af stað hér á Íslandi – og það er akkúrat það sem þarf nú. Endalaust má þrátta um verð en nú verður að loka þessum samningum. Það er þjóðþrifamál.

> Tvö þúsund heimili fá fyrirvinnu og afkoma hins opinbera batnar um a.m.k. 12 milljarða á ári.

Það má auglýsa eftir fólki til starfa í Helguvík helgina eftir að samningar nást. Hagvöxtur mun aukast og forsendur fjárlaga, sem eru harla veikar, munu jafnvel halda. Tvö þúsund heimili fá fyrirvinnu og afkoma hins opinbera batnar um a.m.k. 12 milljarða á ári.

Pólitísk stóriðja þeirra sem reyna að ganga í augun á kjósendum sínum með öfgafullum fjötrum á atvinnuuppbygginu skapar ekki atvinnu hér á Suðurnesjum. Tími framkvæmda við raunveruleg atvinnuskapandi verkefni er hins vegar löngu kominn. Hefjumst handa og vinnum allri þjóðinni gagn!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vinnuvernd og ábyrgð atvinnurekenda

Atvinnumál
Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Ísland hefur tekið virkan þátt í evrópskri vinnuverndarviku sem Evrópusambandið hefur staðið fyrir árlega frá árinu 2000. Viðfangsefni vinnuverndarvikunnar í ár snýst um viðhald og viðgerðir véla og tækja og öryggi þeirra sem sinna viðhaldsvinnu, oft við erfiðar aðstæður og undir miklu álagi.

Samkvæmt upplýsingum Vinnuverndarstofnunar Evrópu er talið að 15–20% allra vinnuslysa tengist viðhaldsvinnu og um 10–15% allra banaslysa. Hér er því mikið í húfi og mikill ávinningur fólginn í öflugu forvarnarstarfi.

Vinnueftirlit ríkisins er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og sinnir fjölbreyttum verkefnum á því sviði. Stofnunin ber ábyrgð á framkvæmd laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og gegnir því ríku eftirlitshlutverki samhliða því að sinna fræðslu um vinnuvernd og vinna að rannsóknum á þessu sviði.

Eftirlitshlutverk Vinnueftirlitsins er mikilvægt og stofnunin hefur ýmis úrræði sem hún getur gripið til ef öryggi á vinnustöðum er áfátt. Fræðsluhlutverk stofnunarinnar vegur þó ef til vill þyngst, því árangur á sviði vinnuverndar veltur á því að stjórnendur og starfsfólk vinnustaða sé vel upplýst og meðvitað um þær hættur sem eru fyrir hendi í vinnuumhverfinu, hvernig megi forðast þær og hvaða aðgerðir og úrræði stuðla að öryggi á vinnustað. Enn eitt mikilvægt hlutverk Vinnueftirlitsins felst í því að fylgja eftir skráningu upplýsinga um vinnuslys sem atvinnurekendum er skylt að tilkynna til stofnunarinnar samkvæmt lögum.

Vinnuvernd spannar vítt svið og er í eðli sínu flókin. Þetta segir sig sjálft þegar maður leiðir hugann að fjölbreytni atvinnulífsins þar sem fólk starfar við flókin tæki og vélbúnað, notar margvísleg verkfæri, stýrir þungavinnuvélum, vinnur í mikilli hæð, meðhöndlar hættuleg efni og svo mætti lengi telja. Mikill fjöldi reglna og reglugerða heyra undir vinnuverndarlöggjöfina sem brýnt er að farið sé eftir undir öllum kringumstæðum.

> Eftirlitshlutverk Vinnueftirlitsins er mikilvægt og stofnunin hefur ýmis úrræði sem hún getur gripið til ef öryggi á vinnustöðum er áfátt.

Skyndilegar bilanir véla og tækja geta skapað hættuástand á vinnustað. Oft er mikið í húfi þegar bilun veldur því að stöðva þarf framleiðslu eða gera hlé á framkvæmdum. Þessar aðstæður geta skapað mikinn þrýsting á þá sem sinna viðhaldi og viðgerðum, að finna orsökina sem fyrst og koma hlutunum í lag. Miklu skiptir að álag af þessum völdum leiði ekki til þess að nauðsynlegum öryggisráðstöfunum sé ýtt til hliðar, því þá er voðinn vís. Kerfisbundið eftirlit og viðhald er ein mikilvægasta leiðin til að fyrirbyggja óvæntar bilanir og óvissuástand sem af því getur hlotist.

Áhersla evrópsku vinnuverndarvikunnar er á þessa þætti og hefur Vinnueftirlitið sett upp metnaðarfulla dagskrá í tilefni hennar. Áhersla er lögð á heimsóknir í fyrirtæki þar sem þessi mál eru kynnt stjórnendum og fulltrúum starfsmanna auk ýmissa annarra leiða til að koma á framfæri fræðslu og upplýsingum um örugga viðhaldsvinnu. Vinnueftirlitið vekur einnig athygli á því sem vel er gert með því að veita viðurkenningu þeim fyrirtækjum sem skarað hafa fram úr á þessu sviði.

Frá því að lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum voru sett hér á landi og tóku gildi árið 1981 hefur verið lyft grettistaki á sviði vinnuverndar. Vinnuvernd er forvarnarstarf sem fæstir leiða hugann að dags daglega þegar lífið gengur sinn vanagang. Þau slys sem tekst að fyrirbyggja með öflugu vinnuverndarstarfi vekja skiljanlega enga athygli og komast ekki í fréttir. Það er hins vegar mikilvægt að atvinnurekendur eigi reglulegt og gott samstarf við Vinnueftirlitið, sæki þangað ráðgjöf og leiðbeiningar eftir þörfum, hlíti fyrirmælum stofnunarinnar og sýni jafnframt frumkvæði í því að auka öryggi á vinnustað. Í þessum málum gildir að engar fréttir eru góðar fréttir.

# Kerfið er ekki að virka

Samfélagsmál
Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB



Velferðarkerfið er hornsteinn samfélagsins sem hefur gert öllum kleift, óháð efnahag og aðstæðum, að njóta sama réttar til þjónustu. Verulega er vegið að velferðarkerfinu í því fjárlagafrumvarpi sem ríkisstjórn Íslands hefur nú lagt fyrir Alþingi og lýsir BSRB þungum áhyggjum yfir því.

BSRB óttast að Fæðingarorlofssjóður og það fæðingarorlofskerfi sem byggt hefur verið upp á Íslandi sé í hættu. Bent er á að sífellt færri foreldrar hafa nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs síðustu ár þar sem greiðslur úr sjóðnum hafa verið skertar til muna.

Greiðsluþak sjóðsins er nú orðið svo lágt að fleiri og fleiri foreldrar, sér í lagi feður, telja sig ekki hafa efni á að taka fæðingarorlof. Aðrir forðast að taka fæðingarorlof af ótta við viðbrögð vinnuveitanda sinna og slíkt ástand er óásættanlegt.

Forsætisráðherra lýsti nýverið vilja sínum til að lengja fæðingarorlofið og hækka greiðsluþak á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði en sagði það ekki raunhæft fyrr en að nokkrum árum liðnum. Slíkar breytingar yrðu vissulega framfaraskref en óhjákvæmilegt er að benda á það óréttlæti sem börn, er fæðast þangað til breytingarnar komast á, verða fyrir. Á meðan foreldrar eru að neita sér um fæðingarorlof vegna fjárhagsástæðna eða af ótta við að missa vinnuna í kjölfarið er kerfið ekki að virka. Stjórnvöld verða að tryggja að kerfið virki eins og því er ætlað og tryggja þannig rétt barna til samvista við báða foreldra líkt og markmiðið var með setningu fæðingar- og foreldraorlofslaga.

Síðustu ár hefur öflugt séreignarlífeyriskerfi verið byggt upp á Íslandi. Nú er höggvið að rótum þess með tillögum að skattlagningu á inngreiðslum yfir 2% í séreignarlífeyrissjóði. Fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar opna á þann möguleika að tvískatta hluta af séreignarlífeyrissparnaði fólks og telur BSRB fullvíst að slíkar aðgerðir séu upphafið að endalokum séreignarlífeyriskerfisins.

> Á meðan foreldrar eru að neita sér um fæðingarorlof vegna fjárhagsástæðna eða af ótta við að missa vinnuna í kjölfarið er kerfið ekki að virka.

Bandalagið leggst alfarið gegn breytingum á séreignarlífeyriskerfinu og óttast jafnframt að þessar aðgerðir gætu verið fyrsta skrefið í átt að almennri skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði sem myndu á endanum rýra kjör lífeyrisþega til mikilla muna. BSRB vonast til að stjórnvöld leiðrétti þau mistök sem greinilega áttu sér stað við gerð fjárlagafrumvarpsins áður en það verður endanlega afgreitt sem lög frá Alþingi.




Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is
BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

# Hvernig eflum við græna hagkerfið?

Grænt hagkerfi

Skúli Helgason
alþingismaður



Ísland getur orðið grænt hagkerfi með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Það er framtíðarsýn nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins. Í þessari grein fjalla ég um nokkrar stefnuáherslur nefndarinnar og hvernig þær birtast í einstökum aðgerðum.

### Ríki til fyrirmyndar

Nefndin leggur fram átta almenn stefnumið og 48 aðgerðir. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi. Þetta verði gert með stefnumótun og aðgerðum sem undirstrika pólitískan vilja til að setja málefnið í forgang. Lagt er til að efling græns hagkerfis verði grundvallaratriði í atvinnustefnu sem nú er verið að móta og byggir m.a. á Sóknaráætlun 2020. Nefndin leggur áherslu á að forsætisráðuneytið hafi með höndum verkstjórn málaflokksins, fylgi eftir mótun og framkvæmd aðgerðaáætlunar á grundvelli tillagna nefndarinnar og virki önnur ráðuneyti til verka en málaflokkurinn hefur skírskotun til allra málasviða stjórnarráðsins.

Jafnframt er nauðsynlegt að efna til samráðs við sveitarfélög um beina aðkomu þeirra að verkefninu, því þau geta ráðið úrslitum um það hversu vel tekst til. Lagt er til að fram fari heildarendurskoðun á löggjöf um opinberar stofnanir í þá veru að flétta áherslur sjálfbærrar þróunar og græns hagkerfis inn í ákvæði um hlutverk einstakra stofnana. Nefndin leggur til að Alþingi og ráðuneyti og opinberar stofnanir taki upp markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun, úrgangi og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, m.a. með hliðsjón af ISO 14001 staðlinum. Liður í þessu verkefni ætti að vera að gera Alþingi að pappírslausum vinnustað.

Nefndin leggur m.a. til að öll ráðuneyti og ríkisstofnanir innleiði vistvæn innkaup, að allir rammasamningar ríkisins um innkaup uppfylli viðmið umhverfisskilyrða þar sem slíkt liggur fyrir og að opinber stefna um vistvæn innkaup verði endurskoðuð með það

> Átakið feli m.a. í sér val áherslusviða, hagræna greiningu málaflokksins, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu.

Nefndin leggur sérstaka áherslu á vistvæn innkaup en áætlað er að ríkið kaupi á hverju ári vörur og þjónustu fyrir um 100 milljarða króna. Ríkið hefur í krafti þess kaupmáttar sterka stöðu til að ýta undir þróun og útbreiðslu vistvænna lausna á markaðnum.

að markmiði að hlutfall vistvænna útboða á vegum ríkisins verði 50% árið 2015 og 80% árið 2020.

### Hagrænir hvatar

Nefndin leggur til að hagrænum hvötum verði beitt til að efla græna hagkerfið. Þar er byggt á þeirri sýn að efnahagsleg umbun sé vænlegri en boð og bönn til að koma á grænu hagkerfi. Nefndin leggur til ýmsar aðgerðir í því efni, t.d. að hvatt verði til vistvænna innkaupa með heimild til að endurgreiða opinberum stofnunum allt að 20% af kostnaðarverði vöru og þjónustu sem uppfyllir skilyrði umhverfismerkja af tegund 1, en norræna umhverfismerkið Svanurinn og evrópska umhverfismerkið Blómið falla í þann flokk.

Aðrar tillögur nefndarinnar sem falla undir hagræna hvata eru m.a. tillögur um endurgreiðslu á hluta af kostnaði við innleiðingu vottaðra umhverfisstjórnunarkerfa, endurgreiðslur kostnaðar vegna orkuskipta í skipum, niðurfelling tolla á reiðhjól og tengdan búnað og framlenging á endurgreiðslu vörugjalda til þeirra sem láta breyta bílum í vistvæn ökutæki.

### Græn störf

Tölfræðilegar upplýsingar um umfang grænnar atvinnustarfsemi á Íslandi eru mjög af skornum skammti. Nauðsynlegt er að taka atvinnugreinaflokkun og hagtölugerð Hagstofu Íslands til endurskoðunar þannig að hægt verði að greina vægi grænna atvinnugreina og fjölda grænna starfa. Á grundvelli þeirrar gagnaöflunar verði síðan mótuð áætlun um fjölgun grænna starfa sem er eitt hinna almennu stefnumiða sem nefndin leggur til grundvallar.

Nefndin telur mikilvæga forsendu atvinnusköpunar í þessum málaflokki að sérstakt átak verði gert í að stuðla að fjárfestingum í umhverfisvænni atvinnustarfsemi í landinu. Þar verði horft bæði til innlendra og erlendra fjárfestinga. Lagt er til að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði falið að undirbúa stofnun Græns fjárfestingarsjóðs með aðkomu innlendra og erlendra fjárfesta. Á undanförnum árum hefur komið fram áhugi norrænna fjárfestingarsjóða á að taka þátt í grænum fjárfestingum á Íslandi og gefst nú gott tækifæri til að láta á það reyna.

### Grænar fjárfestingar

Nefndin leggur jafnframt til að efnt verði til sérstaks átaks í að laða til landsins erlendar fjárfestingar í umhverfisvænni atvinnustarfsemi, m.a. með því að nýta heimild í 15. gr. laga nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Þar er fjallað um ýmiss konar ívilnanir vegna umhverfistengdra fjárfestinga, þ.m.t. þeirra sem tengjast orkusparnaði eða samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Átakið feli m.a. í sér val áherslusviða, hagræna greiningu málaflokksins, kortlagningu vænlegra fjárfesta, kynningu og markaðssetningu. Þegar hefur verið leitað til Fjárfestingarsviðs Íslandsstofu um að útfæra þetta átak og liggja fyrir fyrstu tillögur þar að lútandi. Enn má nefna sem lið í grænni atvinnusköpun að nefndin leggur til að stofnuð verði deild innan Tækniþróunarsjóðs sem verði helguð styrkveitingum til umhverfisvænna þróunarverkefna en slík ráðstöfun gæti örvað mjög nýsköpun í þessum málaflokki.

Í þriðju og síðustu grein minni mun ég fjalla um önnur stefnumið nefndarinnar, sem m.a. tengjast aðgerðum er byggja á grunnreglum umhverfisréttar, varúðarreglunni og mengunarbótareglunni.

**Opið hús** Lagadeildar Háskóla Íslands

**Fimmtudagur 27. október, kl. 12-16 í Lögbergi**



**Um hvað fjallar lögfræði?**
Gefin verður innsýn í grunngreinar lögfræðinnar sem varða flesta þætti mannlegs lífs og allir þurfa að gefa gaum einhvern tímann á lífsleiðinni.

**Eru menn ábyrgir orða sinna á Facebook?**
Laganemar setja á svið réttarhöld þar sem ummæli á Facebook verða m.a. tekin fyrir.

HÁTÍÐARMÁLÞING ÚLFLJÓTS, TÍMARITS LAGANEMA
**Réttarheimspeki og lög**

12.00 Hádegishressing í anddyri Lögbergs í boði Lagadeildar

12.20 **Ávarp deildarforseta** - Upptökur af námskeiðinu Inngangur að lögfræði á vef deildarinnar opnaðar

12.40 Hátíðardagur Úlfljóts, tímarits laganema settur - Hátíðarmálþing

**Stóra myndin af lögunum: Fjórflokkun Tómasar af Aquino**
**Garðar Gíslason**, hæstaréttardómari
Tekið verður undir ábendingu Sigurðar Líndal, að tvær meginstefnur réttarheimspekinnar, náttúruréttur og vildarréttur, séu ekki andstæður heldur bæti þær hvor aðra upp. Reynt verður að skýra nánar tengsl þeirra og í því skyni kannað hvort flokkun Tómasar á lögum eftir tegundum varpi ljósi á þessi tengsl.


Garðar Gíslason

**Til hvers er stjórnarskráin? Hugleiðingar í tilefni af tillögum stjórnlagaráðs**
**Hafsteinn Þór Hauksson**, lektor við lagadeild HÍ
Í erindinu verður fjallað um hugtakið stjórnarskrárhyggja og tillaga stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá skoðuð í ljósi þeirrar hugmyndafræði.


Hafsteinn Þór Hauksson

**Hrun, lagahyggja og siðferði**
**Davíð Þór Björgvinsson**, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu
Fjallað um hugtakið „lagahyggju" í ljósi kenninga réttarheimspekinga um tengsl laga og siðferðis.


Davíð Þór Björgvinsson

14.00 Léttar veitingar í anddyri Lögbergs í boði Úlfljóts

14.30 Sýndarréttarhöld laganema í Lögbergsdómi.
Allt milli himins og jarðar er látið flakka á Facebook. Hvenær teljast slík ummæli fara yfir mörk hins leyfilega? Ummæli geta falið í sér ærumeiðingar, valdið skaðabótaábyrgð og jafnvel verið refsiverð.

Réttarhöldin verða einnig sýnd í stofu 101 í Lögbergi. Hér er hægt að sjá hvernig mál eru flutt fyrir dómstólum í raunveruleikanum.

16.00 Dagskrárlok

Allir velkomnir

ÚLFLJÓTUR TÍMARIT LAGANEMA
HÁSKÓLI ÍSLANDS LAGADEILD

# Tækifæri í tækni- og hugverkaiðnaði

Menntamál

Jón Ágúst Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Marorku

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannauðs hjá SI





Þjóðir sem ætla sér að verja velferðarsamfélagið hafa áttað sig á því að aflvélin í samfélagi framtíðarinnar verður tækni- og hugverkaiðnaðurinn sem drifinn er áfram af iðn-, tækni- og raungreinamenntuðu fólki. Þessi iðnaður byggir mestmegnis á hugviti og minna á þverrandi náttúruauðlindum og er því í eðli sínu bæði sjálfbær og umhverfisvænn.

Við Íslendingar verðum að skilja að við getum ekki nema að litlu leyti skapað þær þúsundir sjálfbærra starfa sem þörf er á næstu árum nema með öflugri uppbyggingu tækni- og hugverkaiðnaðar.

Tækni- og hugverkafyrirtækin standa nú fyrir um 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar og skapa um 10.000 störf. Iðnaðurinn fer ört stækkandi en ekki er ólíklegt að hann vaxi núna um 10-30% á milli ára. Staðan er því miður þannig að vöxtur þessara fyrirtækja fer að mestu fram erlendis. Ein helsta ástæðan er skortur á tæknimenntuðu fólki. Það vantar sárlega til starfa forritara og hugbúnaðarfólk, véla- og rafmagnsverkfræðinga, eðlisfræðinga, stærðfræðinga, rafeindavirkja, kerfisfræðinga, vélfræðinga og svo mætti lengi telja.

Við þurfum því öll, stjórnmálamenn, menntayfirvöld, skólar og atvinnulíf að vinna markvisst að því að beina unga fólkinu okkar í það nám sem atvinnulífið kallar eftir ef viljum tryggja þau lífsgæði sem Íslendingar sækjast eftir. Skólakerfið þarf að kveikja áhuga á þeim grunnfögum sem nauðsynleg eru til að ná árangri í þessu námi og atvinnulífið verður að taka vel á móti þeim með spennandi atvinnutækifærum.

Við Íslendingar eigum erfitt með að hugsa langt fram í tímann, átaksverkefni til skemmri tíma falla betur að okkar eðli. Flókið og margbreytilegt samfélag nútímans krefst þess hins vegar að við horfum til framtíðar og skipuleggjum okkur til langs tíma með skýrri atvinnu-mennta- og velferðastefnu.

Samstaða um sameiginlega framtíðarsýn kemur til með að verða það afl sem við þurfum á að halda til að vinna okkur áfram. Tökumst á við framtíðina því hún er svo ótrúlega björt ef okkur lánast að vinna þétt saman.

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# AFSLÁTTARDAGAR

**Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**64 GÍSLI H. GUÐJÓNSSON,** réttarsálfræðingur er 64 ára í dag.

*„Það er svo margt sem við ekki vitum né þekkjum um okkur sjálf.“*



*Hjartkær föðursystir mín, mágkona og afasystir,*

## Hildur Thorarensen

áður til heimilis að Hagamel 42, Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, laugardaginn 22. október. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

**Ingibjörg Thorarensen**
**Örvar Birkir Eiríksson**
**Þóra Ölversdóttir**
**Þórey Inga og Lovísa Rán**



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Gunnar Ó. Þ. Egilson

Dunhaga 15, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 22. október á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 31. október kl. 15.00.

**Ása Gunnarsdóttir**
**Gunnar H. Egilson** **Dagný Helgadóttir**
**Helga Egilson** **Stefan Hansen**
**Nana Egilson** **Gunnar Kári Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra*

## Ingiríður Jónsdóttir

Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði hinn 21. október. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 28. október og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Kristín Ísleifsdóttir**
**Sólveig Stefánsdóttir**
**Stefán Orri Stefánsson**
**Steinar Örn Stefánsson**
**og fjölskyldur.**



*Yndislegi ástkæri faðir okkar, sambýlismaður, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

## Rafn Bjarnarson

málarameistari, Austurbrún 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 25. október. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 31. október klukkan 13.00.

**Súsanna Oddsdóttir**
**Magnfríður P. Gústafsdóttir**
**Sjöfn Rafnsdóttir** **Rúnar Sigtryggsson**
**Camillus Birgir Rafnsson** **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Rafn Benedikt Rafnsson** **Helga Jónsdóttir**
**Ólafía B. Rafnsdóttir**
**Ómar Steinar Rafnsson** **Lilja Ragnarsdóttir**
**Erla Rafnsdóttir** **Michael O´Byrne**
**Ólafur Róbert Rafnsson** **Guðný Garðarsdóttir**
**Peter M. Rogan Rafnsson**
**Jarþrúður Rafnsdóttir** **Björn Hallsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Benedikt Bjarnarson** **Matta Friðriksdóttir**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Sigurdís Guðmundsdóttir

Akurgerði 21, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 19. október. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 28. október kl. 14.00.

**Kristjana Ragnarsdóttir** **Tómas Ævar Sigurðsson**
**Kristín Svava Tómasdóttir** **Ólafur Rúnar Björnsson**
**Dísa Lind Tómasdóttir**
**Eyrún Sif Ólafsdóttir** **Guðmundur Sigurjónsson**
**Tómas Ævar Ólafsson**
**Silvía Sif Ólafsdóttir**
**Tómas Þórisson**



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

## Ebeneser Konráðsson

Ægisgrund 19, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi föstudaginn 21. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhannes Konráðsson** **Þóra Kristjánsdóttir**
**Leví Konráðsson**
**Þorsteinn Konráðsson** **Margrét Sigurðardóttir**
**Sigríður Konráðsdóttir** **Gylfi Óskarsson**
**Ósk Konráðsdóttir**
**Anna Konráðsdóttir** **Gísli Árnason**
**Jódís Konráðsdóttir** **Gísli Sigurþórsson**
**Unnar Reynisson** **Guðrún Gunnarsdóttir**
**frændsystkin hins látna.**



*Okkar ástkæra*

## Aðalheiður Magnúsdóttir

sérkennari,

lést fimmtudaginn 20. október á Landakotsspítala. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 28. október kl. 15.00.

**Pétur Hauksson** **Sylvía Ingibergsdóttir**
**Þórður Hauksson** **Kristjana Fenger**
**Magnús Hauksson** **Hrafnhildur Guðmundsdóttir**
**Gerður Sif Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Torfhildur Ingibjörg Jónsdóttir

lést á Grund mánudaginn 17. október. Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar V-2 fyrir góða umönnun, hlýju og vinsemd. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. október kl. 15.00.

**Ólafur Aðalsteinsson**
**Jónína M. Aðalsteinsdóttir** **Jón Otti Ólafsson**
**Einfríður Þ. Aðalsteinsdóttir** **Stefán Finnsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



**MEÐ STÓRFJÖLSKYLDUNNI** Ingunn í hópi þeirra sem henni þykir vænst um. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

INGUNN JÚLÍUSDÓTTIR: HUNDRAÐ ÁRA

# Elsti borgari Eyja

Ingunn Júlíusdóttir, sem varð hundrað ára í fyrradag, hinn 24. október, er elsti íbúi Vestmannaeyja.

Hún fæddist að Leiðólfsstöðum í Stokkseyrarhreppi, yngst fjögurra barna hjónanna Katrínar Þorkelsdóttur frá Ormsstöðum í Grímsnesi og Júlíusar Gíslasonar frá Stóra-Hrauni í Hraunshverfi. Systkini hennar hétu Guðrún, Haraldur og Karen og eru öll látin. Til Eyja kom Ingunn fyrst árið 1930 í atvinnuleit en flutti þangað fjórum árum síðar því hún kynntist þar Eiríki Jónssyni sjómanni frá Reyðarfirði. Þau giftu sig 7. nóvember 1936. Fyrstu árin bjuggu þau í Dvergasteini en fluttu síðar að Hásteinsvegi 41. Ingunn og Eiríkur eignuðust tvær dætur, Guðrúnu fædda 1938, hún lést 1998, og Svanhildi, sem er gift Arnóri Valdimarssyni frá Varmadal. Þau eiga fjögur börn og sex barnabörn.

Um 1960 varð Eiríkur að hætta störfum vegna heilsubrests. Þá fór Ingunn að vinna í Vinnslustöðinni og starfaði þar í 30 ár, eða til áttræðs. Eiríkur lést 1970.

Ingunn gekk í kvenfélagið Líkn árið 1940 og síðan Slysavarnadeildina Eykyndil. Hún er einn af stofnendum Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum og Kórs eldri borgara. Nú býr hún á dvalarheimilinu Hraunbúðum, ágætlega ern.

- gun



*Yndisleg móðir mín, dóttir, systir og barnabarn,*

## Stella Ragna Einarsdóttir

varð bráðkvödd á heimili sínu í Hollandi miðvikudaginn 12. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. október kl. 15.00.

**Míra Katrín Abbas Stelludóttir**
**Ásta Gunnarsdóttir**
**Gunnar Óðinn Einarsson**
**Guðrún Ragna Valdimarsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Guðbjörg Kristjana Guðmundsdóttir

Fannafold 3, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 13. október. Útförin fer fram í dag, miðvikudaginn 26. október kl. 13.00, frá Grafarvogskirkju.

**Jón Ásgeirsson**
**Kristján Jónsson** **Kristjana Sæunn Ólafsdóttir**
**Hörður Jónsson** **Ólína Klara Jóhannsdóttir**
**Már Jónsson**
**Málfríður Jónsdóttir** **Sveinlaugur Kristjánsson**
**Þórunn Jónsdóttir** **Hermann Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. október 2011 | 16. tölublað | 7. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Vistvænn kostur!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



# Starfa lifandi dauð

- Bankarnir enn með yfirráð yfir helmingi allra stórra fyrirtækja.
- Samkeppnisaðilar geta ekki keppt við fyrirtæki sem rekin eru án arðsemiskrafna.
- Samkeppniseftirlitið rannsakar hvort bankar ráði yfir fleiri fyrirtækjum en tilkynnt hefur verið um.

## Rekstur banka að taka við sér

Arðsemi grunnrekstrar stóru þriggja viðskiptabankanna er óðum að nálgast þá arðsemiskröfu sem Bankasýsla ríkisins gerir til þeirra. Þetta bendir til þess að hinn undirliggjandi rekstur bankanna sé að komast í gott horf. Eiginfjár- og lausafjárstaða bankanna er einnig sterk en kostnaðarhlutföll þeirra eru há. Þá er staða útlánasafna bankanna enn mikilli óvissu háð.

SÍÐA 6

## Stórefla varasjóð Evrópu og afskrifa skuldir Grikklands



Bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum í Evrópusambandinu (ESB) verður gert að auka eiginfjárhlutfall sitt fyrir mitt næsta ár, bankar munu þurfa að gefa eftir allt að 60% skulda Grikklands og varasjóður Evrópu verður efldur til að mæta yfirvofandi vandræðum evruríkja á borð við Ítalíu og Spán. Þetta eu þær þrjár leiðir til lausnar á skuldavanda evrusvæðisins sem ræddar verða á leiðtogafundi ESB sem fer fram í Brussel í dag. Tillögurnar eiga að veita endanlega lausn á þeim miklu vandræðum sem hrjáð hefur svæðið undanfarin misseri.

SÍÐA 4

## Hagaeigendur með mikla fjárfestingargetu

Félög í eigu viðskiptafélaganna Hallbjörns Karlssonar og Árna Haukssonar áttu samtals eignir upp á tæplega 2,6 milljarða króna um síðustu áramót, samkvæmt ársreikningum þeirra. Félögin tvö, sem heita Vattarnes og Klapparás, skiluðu samtals hagnaði upp á um 75 milljónir króna í fyrra. Þau skulda lítið sem ekkert. Fjárfestingargeta þeirra er því mikil.

Saman eiga þeir Hallbjörn og Árni fjárfestingarfélagið Vogabakka ehf. í gegnum félögin tvö. Vogabakki á Hagamel ehf. ásamt Sigurbirni Þorkelssyni og TM. Hagamelur er síðan stærsti eigandi Búvalla slhf. sem keypti 35,3% hlut í smásölurisanum Högum í febrúar síðastliðnum. Alls á Hagamelur 8,5% beinan hlut í Högum og greiddi fyrir hann einn milljarð króna.





**STOÐIR** Júlíus Þorfinnsson er framkvæmdastjóri Stoða.

# Landsbankinn selur Horni hlut í Stoðum

Landsbankinn seldi 12,8% af almennu hlutafé sínu og helming þess forgangshlutafjár í Stoðum sem bankinn átti til Horns Fjárfestingafélags 30. september síðastliðinn. Kaupverðið var 4,8 milljarðar króna. Landbankinn, sem er eini eigandi Horns, á enn um 13% almennt hlutafé í Stoðum.

Stoðir, sem áður hétu FL Group, högnuðust um rúma tvo milljarða króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs og eigið fé félagsins er 32,3 milljarðar króna. Skuldir félagsins eru einungis um 4,5 milljarðar króna. Kröfuhafar Stoða tóku félagið yfir í kjölfar nauðasamninga sumarið 2009. Við gerð þeirra voru skuldir Stoða færðar niður um 225 milljarða króna, sem er mesta einstaka skuldaafskrift eignarhaldsfélags í Íslandssögunni. Auk Landsbankans og Horns eru skilanefnd Glitnis og Landsbankinn á meðal stærstu eigenda Stoða. Helstu eignir félagsins eru 99% hlutur í TM og 40% hlutur í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco.

## DAGATAL VIÐSKIPTALÍFSINS

keldan Dagatal atvinnulífsins

**MIÐVIKUDAGUR 26. OKTÓBER**
- **Marel Food System hf.** 9 mán. uppgjör
- **Small Countries, Important Innovations**

**FIMMTUDAGUR 27. OKTÓBER**
- **Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga** í september 2011
- **Össur hf.** 9 mán. uppgjör
- **Staða markaðsverðbréfa SÍ**
- **Lærdómur af efnahagskreppunni og verkefnin fram undan**
- **Vísitala neysluverðs** í október 2011
- Afmælisráðstefna **Stjórnvísi**

**FÖSTUDAGUR 28. OKTÓBER**
- **Útboð LSS 150224**
- **Nýherji hf.** 9 mán. uppgjör
- **Vísitala framleiðsluverðs** í september 2011
- **Fjárhagsstaða heimilanna 2011**
- Verðbréfaviðskipti – **hagtölur SÍ**
- Útgáfudagar **Hagvísa SÍ**

**ÞRIÐJUDAGUR 1. NÓVEMBER**
- **Icelandair Group hf.** 9 mán. uppgjör

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* Vísir

# Tal vill jákvæða mismunun áfram

**Tal hefur tapað 900 milljónum á þremur árum. Fyrirtækið missti fimmtung farsímaviðskiptavina sinna í fyrra. Forstjórinn segir mikla tiltekt hafa átt sér stað.**

**Fjarskipti**
Þórður Snær Júlíusson

Ef Tal fær að innheimta hærri lúkningargöld en samkeppnisaðilar þess er fyrirtækið vel rekstrarhæft og gæti verið með jákvætt eigið fé á fyrri hluta næsta árs. Þetta segir Viktor Ólason, forstjóri Tals. Tal hefur samtals tapað um 900 milljónum króna á síðustu þremur árum. Þar af nam tapið í fyrra 99 milljónum króna. Eigið fé Tals var neikvætt um síðustu áramót þrátt fyrir að nýir eigendur fyrirtækisins hafi sett 80 milljónir króna inn í nýtt eigið fé í fyrra.

Tal hefur tapað töluverðum hluta af viðskiptamannahópi sínum á undanförnum árum. Samkvæmt síðustu birtu tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) missti fyrirtækið til að mynda um 4.000 farsímaviðskiptavini í fyrra, eða um fimmtung þeirra. Um síðustu áramót var markaðshlutdeild fyrirtækisins 4,5% sem gerði það að fjórða stærsta farsímafyrirtæki landsins.

Viktor segir að árið 2011 hafi hins vegar verið ár viðsnúnings hjá fyrirtækinu. Mikil tiltekt hefði átt sér stað í rekstrinum og viðskiptavinum fjölgað um 5% í öllum þjónustum það sem af er árinu 2011. Framtíðarrekstrarhæfi Tals velti þó mikið á því hvernig PFS meðhöndlar kröfu um að fá að innheimta hærri lúkningargjöld næstu árin. Slík gjöld eru greidd þegar viðskiptavinir annarra símafyrirtækja hringja í viðskiptavini Tals. PFS hefur ákvörðunarvald yfir hversu há lúkningargjöld mega vera. Nýjum fyrirtækjum er heimilt að innheimta hærri gjöld en sterkari aðilar á markaði til að auðvelda innkomu þeirra á hann.

Tal hefur verið starfandi frá árinu 2006 en þorra þess tíma var félagið endursöluaðili á þjónustu Vodafone. Í fyrra komu nýir eigendur að félaginu og það gerði kaupleigusamning um farsímastöð við Símann. Frá þeim tíma hefur Tal innheimt 12,5 krónur á mínútu í lúkningargjöld. Það er sjö krónum meira en Vodafone og Síminn fá að innheimta. Forsvarsmenn fyrirtækisins vilja að það fái heimild til að gera slíkt í þrjú ár í viðbót áður en gjöldin fara að lækka í átt að verði samkeppnisaðilanna.

Því hefur PFS hafnað og í mars birti stofnunin skýrslu þar sem segir að Tal sé ekki nýr aðili á markaði, enda hafi fyrirtækið starfað í fimm ár. Þá sé sá sýndarnetrekstur sem fyrirtækið stundar ekki sambærilegur því að byggja upp eigið fjarskiptanet. Þess vegna ættu innheimt lúkningargjöld Tals að lækka strax 1. september (síðastliðinn) og vera orðin þau sömu og hjá öðrum samkeppnisaðilum 1. janúar 2013.

Þeirri ákvörðun voru forsvarsmenn Tals algjörlega ósammála.

Skömmu síðar, í maí, var gert samkomulag um að sameina Tal og Vodafone undir merkjum þess síðarnefnda. Samruninn var gerður með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda. Í málinu byggðu Tal og Vodafone á því að Tal væri fyrirtæki á fallanda fæti. Samkeppniseftirlitið féllst ekki á þennan rökstuðning og ógilti samrunann. Eitt af því sem réði niðurstöðu samkeppnisyfirvalda var afstaða PFS, sem lagðist hart gegn samrunanum.

Viktor telur þá afstöðu PFS munu leiða til þess að stofnunin endurskoði ákvörðun sína frá því í mars varðandi innheimtu Tals á lúkningargjöldum. „Fyrirtækið er rekstarhæft. En það tekur tíma að vinda ofan af félagi sem hefur verið í þröngri stöðu. Þetta veltur gríðarlega mikið á því hvaða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnun tekur."



**TILTEKT** Tal og Vodafone vildu meina að Tal væri fyrirtæki á fallanda fæti þegar þau ætluðu að sameinast. Þeim rökstuðningi var hafnað. Forstjórinn segir viðsnúning hafa átt sér stað á þessu ári.

## DEILUR UM SKULD VIÐ VODAFONE

**Vodafone** sagði nýverið upp þjónustusamningi við Tal og bar fyrir sig að fyrirtækið skuldaði sér hátt á þriðja hundrað milljónir króna vegna veittrar þjónustu. Tal telur hins vegar að upphæðin sé mun lægri, eða um 36 milljónir króna. Tal er ekki með eigin fjarskiptakerfi heldur styðst við svokallaðan sýndaraðgang að kerfum annarra í gegnum símstöð sem fyrirtækið tók á kaupleigu af Símanum í fyrra. Tal er þegar með samning við Símann um að þjónusta viðskiptavini sína á farsíma-, internet- og sjónvarpsmarkaði. Eftir uppsögn Vodafone á ofangreindum samningi hóf Tal líka samningsviðræður við Símann um að hann þjónusti Tal einnig á heimasímamarkaði. Ekki er komin endanleg niðurstaða í þær viðræður.






## Martin Wolf með framsögu

Martin Wolf, yfirhagfræðingur og einn af ritstjórum stórblaðsins Financial Times, verður aðalræðumaður á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, í kvöld. Á fundinum munu Wolf, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Katrín Ólafsdóttir, lektor í Háskólanum í Reykjavík, og Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir ræða stöðu Íslands og framtíðarstefnu. Á meðal þess sem rætt verður er aðild að Evrópusambandinu, gjaldeyrishöft, erlend fjárfesting, skattkerfi og framtíðartækifæri.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 56930 10/11
SÍÐASTI SÖLUDAGUR.
EIN STAÐFESTING ÞESS AÐ VIÐ ERUM
ALLTAF Í KAPPHLAUPI VIÐ TÍMANN.
Tíminn skiptir höfuðmáli í viðskiptum. Það hversu lengi
varan er á leiðinni getur breytt hagnaði í tap og öfugt.
Þá er gott að eiga samstarf við öflugt fyrirtæki á sviði flugfraktar.
Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo
með vörur til og frá Íslandi.
Því tíminn flýgur
ICELANDAIR
CARGO



**INGÓLFUR H. INGÓLFSSON** Stefnir að því að opna snemma á næsta ári.

# Illa gengur að safna fé í Sparibankann

Erfiðlega gengur að ljúka fjármögnun Sparibankans. Hefur bankinn sagt upp leigusamningi á Iðuhúsinu við Lækjargötu sem hann hefur haft á leigu frá 1. september. Enn er þó stefnt að því að bankinn hefji rekstur á næsta ári.

„Fjármögnun bankans hefur tekið lengri tíma en við höfðum reiknað með. Það er orðið hálft ár síðan við festum Iðuhúsið en við þorðum ekki öðru en að gefa það eftir núna, þar sem við sjáum ekki alveg fyrir hvenær fjármögnun lýkur,“ segir Ingólfur H. Ingólfsson fjármálaráðgjafi, sem er stjórnarformaður bankans.

Sparibankinn byggir á þýskri fyrirmynd, en samkvæmt vefsíðu bankans mun hann fylgja samfélagslega ábyrgri útlánastefnu og hvetja viðskiptavini sína til sparnaðar og eignauppbyggingar.

Ingólfur segir að áætlanir hafi gert ráð fyrir að bankinn yrði opnaður á fyrsta ársfjórðungi næsta árs en nú væri sennilegra að opnun frestaðist eitthvað. Þá segir hann að verið sé að skoða alla kosti til að klára fjármögnun bankans, þar á meðal að selja verkefnið. „Aðalatriðið er að láta þetta verða að veruleika, ég þarf ekki endilega að eiga þetta,“ segir Ingólfur, en félag í hans eigu er stærsti hluthafi bankans með alls 48,6 prósent hlut af 223 milljóna króna hlutafé bankans.

# Horn hagnast um tíu milljarða króna

Horn Fjárfestingafélag hagnaðist um 10,1 milljarð króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2011. Hagnaðurinn er fyrst og síðast tilkominn vegna sölu á helmingshlut félagsins í Promens fyrir 7,9 milljarða króna, sem skilaði fjögurra milljarða króna bókfærðum hagnaði, og sölu á 8,3% hlut félagsins í Marel til Landsbanka Íslands í mars síðastliðnum á 7,3 milljarða króna. Þetta kemur fram í níu mánaða uppgjöri Horns Fjárfestingafélags, sem er í 100% eigu Landsbankans.



**EIGANDINN** Steinþór Pálsson er bankastjóri Landsbankans.

Heildareignir Horns eru nú um 43,9 milljarðar króna. Eigið fé félagsins er 32,4 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið 74%. Horn var stofnsett í árslok 2008 sem nokkurs konar fjárfestingaarmur Landsbankans. Tilkynnt hefur verið opinberlega að til standi að skrá Horn í Kauphöll Íslands árið 2011.




RICOH
Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Sértilboð Takmarkað magn
kr. 499.900.- með vsk.
eða
borgaðu pr. eintak: Svart 4 kr og litur 12 kr
m.v. 4.000 eintök í 60 mánuði (75% svart / 25% litur)
STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
www.optima.is
Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar






**ERFIÐIR TÍMAR** *Mikið hefur mætt á José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og Herman Van Rompuy, forseta leiðtogaráðsins, síðustu daga vegna skuldavanda evrusvæðisins.* NORDICPHOTOS/AFP

# Enn ríkir óvissa um úrlausn evruvandans

**Leiðtogar ESB reyna til þrautar að ná samkomulagi um lausn á skuldavanda evrusvæðisins. Stefnt að því að stórefla varasjóðinn og afskrifa skuldir Grikklands.**

**Evrópa**
Þorgils Jónsson

Óhætt er að segja að mikið sé lagt undir á leiðtogafundi Evrópusambandsins og evrusvæðisins sem fram fer í Brussel í dag. Á fundinum verður leitast við að ganga frá endanlegri lausn á skuldavanda ESB-ríkjanna sem hefur vomað yfir álfunni og alþjóðlegu fjármálalífi síðustu misseri.

Leiðtogarnir hittust á fundum um síðustu helgi þar sem aðgerðaáætlun var stungin út í grófum dráttum, en síðan þá hafa ríkin keppst við að ná samkomulagi um nákvæmar útfærslur.

### Bankar hækki eiginfjárhlutfall

Í grunninn eru þrjú meginatriði til umræðu. Í fyrsta lagi verður bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum í ESB-löndunum gert að auka eiginfjárhlutfall sitt talsvert, úr 6% upp í 9%, fyrir mitt næsta ár til að geta brugðist við miklum áföllum eins og að þurfa að afskrifa skuldir.

Talið er líklegt að þessi ráðstöfun muni kalla á rúmlega 100 milljarða evra, en til þess að afla þess fjár þurfa bankarnir að auka hlutafé, selja eignir eða leita á náðir hins opinbera og evrópska varasjóðsins til þrautarvara.

### Grískar skuldir lækkaðar

Í annan stað þurfa bankarnir sennilega að gefa eftir allt upp í 60% skulda Grikklands. Það verður þó ekki gert með valdboði heldur munu bankarnir þurfa að gangast við þessum kostum af eigin vilja. Það hljómar ef til vill einkennilega en í ljósi stöðunnar, þar sem allt stefnir í að skuldir ríkissjóðs Grikklands fari upp fyrir 370 milljarða á næsta ári og nái allt að 184% af landsframleiðslu, eru lánardrottnar Grikkja í erfiðri aðstöðu. Annaðhvort taka þeir á sig niðurfellingu á skuldum eða horfa upp á gjaldþrot sem er alls óvíst hvernig þróast. Einkaaðilar utan Grikklands eiga um þriðjung af heildarskuldum landsins, þriðjungur er í höndum innlendra aðila, bæði banka og opinberra stofnana og sjóða, og þriðjungur er í höndum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Seðlabanka Evrópu og annarra Evrópuríkja.

### Neyðarsjóður efldur

Í þriðja lagi þarf að efla varasjóð evrusvæðisins til að hann geti þjónað hlutverki sínu, en fari allt á versta veg á Ítalíu og Spáni gætu þau lönd þurft á framlagi að halda, líkt og Írland, Grikkland og Portúgal. Í sjóðnum eru nú aðeins 250 milljarðar, sem er hvergi nærri nóg til að koma Ítalíu og Spáni til bjargar. Til að bregðast við þessu hafa tvenns konar aðgerðir verið lagðar til. Annars vegar er stefnt að því að stækka varasjóðinn úr 440 milljörðum evra í 1.000 milljarða, að því er heimildir erlendra miðla herma. Það yrði gert með því að sjóðurinn tryggði hluta, sennilega allt að 20%, af nýstofnuðum skuldum einstakra evruríkja. Hins vegar er mælst til þess að sérstakur sjóður verði settur á laggirnar þar sem fjárfestingarsjóðir ríkja utan Evrópu, svo sem Brasilíu, Kína og Katar, geti lagt inn fjármuni sem síðan séu notaðir til kaupa á ríkisskuldabréfum einstakra evruríkja.

### Erfitt að mæta umbótakröfum

Eins og gefur að skilja fylgja framlögum úr varasjóðunum nokkrar kvaðir á þjóðríkin, til dæmis niðurskurður í ríkisútgjöldum, endurskipulagning almannatrygginga og umbætur í regluverki atvinnulífsins. Grikkir hafa svo sannarlega ekki farið varhluta af þessum kröfum og hefur samfélagið logað í mótmælum og verkföllum síðustu mánuði.

Næsta áhyggjuatriði á evrusvæðinu er Ítalía, en ríkissjóður þarf þar að endurfjármagna skuldir fyrir um 600 milljarða evra á næstu þremur árum.

Silvio Berlusconi forsætisráðherra hefur verið í miklum vandræðum með að koma í gegn umbótum sem taldar eru viðunandi til að tryggja ríkisrekstur og hagvöxt til skemmri og lengri tíma. Þegar hefur niðurskurðarpakki upp á 54 milljarða evra verið samþykktur, en leiðtogar Frakklands og Þýskalands, þau Nicolas Sarkozy og Angela Merkel, létu ekkert fara á milli mála um að Ítalir þyrftu að ganga enn lengra til að koma sínum málum á hreint.

Berlusconi var kominn út á ystu nöf í umleitunum sínum í gær þar sem hann mætti mikilli andstöðu innan raða eigin stjórnar, meðal annars varðandi það að hækka eftirlaunaaldurinn úr 65 árum í 67. Umberto Bossi, formaður Norðurbandalagsins og einn af helstu samstarfsmönnum Berlusconis, sagði til dæmis beint út á dögunum að ekki kæmi til greina að hrófla við eftirlaunakerfinu og því er ekkert þar í hendi.

### Enn mikil óvissa

Að öllu þessu sögðu er hreint ekki víst að þó að allar þessar hugmyndir nái fram að ganga í dag muni þær leysa allan vanda. Fyrst um sinn er hins vegar nauðsynlegt að fram komi heildstæð lausn sem sannfæri markaði um að allt sé í himnalagi. Framvinda mála getur haft áhrif um allan heim, þar sem Bandaríkin og Kína hafa þegar hvatt til þess að gengið verði frá málunum.

Síðdegis í gær var til dæmis alls óvíst hvort öll tæknileg atriði yrðu til reiðu í tæka tíð fyrir fundina.

Enn var deilt bæði um afskriftir grísku skuldanna og eflingu varasjóðsins, meðal annars vegna óvissunnar um framvindu mála á Ítalíu. Á meðan þau álitamál eru enn í óvissu neita síðan hin tíu ESB-ríkin, sem standa utan evrusvæðisins, að leggja áðurnefndar kröfur um aukningu eiginfjár á sína banka.

## ÞRJÁR LEIÐIR TIL LAUSNAR Á SKULDAVANDA EVRUSVÆÐISINS

**1** Bönkum innan Evrópusambandsins verði gert að hækka eiginfjárhlutfall upp í 9% fyrir mitt næsta ár. Það er til þess að bankarnir verði betur í stakk búnir til að mæta áföllum í rekstri. Talið er að þessar aðgerðir muni kosta um 110 milljarða evra.

Bankarnir geta aflað sér fjár með hlutafjárútboði og sölu eigna en geta leitað til ríkis ef þess þarf og varasjóðs evrusvæðisins til þrautarvara.

**2** Hluti af skuldum Grikklands verður afskrifaður. Ekki var enn ljóst í gær hversu hátt hlutfall gæti verið um að ræða, en líklega verður það á bilinu 40% til 60%. Heildarskuldir ríkissjóðs stefna í að ná 184% af landsframleiðslu ef ekkert verður að gert.

Helstu lánardrottnar eru innan Grikklands eða fjölþjóðastofnanir eins og AGS og Seðlabanki Evrópu, en þriðjungur skuldanna er á höndum einkaaðila utan Grikklands.

**3** Varasjóður Evrópu verður efldur til að geta brugðist við yfirvofandi vandræðum evruríkja á borð við Spán og Ítalíu. Annars vegar mun sjóðurinn tryggja nýjar skuldir evruríkja að ákveðnu marki, mögulega 20%, en einnig verður stofnaður nýr sjóður sem fjárfestingarsjóðir geta lagt inn í og mun kaupa skuldabréf af evruríkjum.



**Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps** verður haldin um helgina. Á hátíðinni kennir ýmissa grasa. Má þar nefna afmælishátíð Kirkjubæjarskóla, tónleika, kynningar á ferðaþjónustu, náttúrulistaverkum, leiklist, handverki og uppboð verður haldið. Nánar á www.klaustur.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Kolbrún Björt Sigfúsdóttir hélt til Taílands í ágúst í ævintýraleit en hamfarir hafa breytt hversdeginum.**



# Samfélagið er í uppnámi

Það rigndi frá fyrsta degi. Við lentum 12. ágúst, beint inn í monsúntímabilið en þessi rosalegu flóð voru ekki fyrirséð. Þau hafa sett svolítið strik í reikninginn hjá okkur því kennsla hefur legið niðri í sex vikur,“ segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir um lífið í Taílandi þar sem hún og maður hennar, Erlingur Grétar Einarsson, eru ráðin til að kenna taílenskum leikskólabörnum ensku. Hún segir monsúnregnið fela í sér gríðarlegt vatnsmagn á hverju ári en flóðin nú séu þau mestu í fimmtíu ár. „Fólk er að berjast við allt að þriggja metra djúpt vatn og það er raunverulegt neyðarástand í einum þriðja hluta landsins. Samfélagið í heild er í miklu uppnámi.“

;FRAMHALD | 2


**Vandaðir þýskir herrasandallar úr leðri með mjúkum sóla**



Teg: 68203/426. Stærðir: 40 - 50
Verð: 13.685.-

Misty skor Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari





Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg

AIR-O-SWISS
Ultrasonic rakatæki
- Innbyggður rakamælir
- Heitur og kaldur úði
- Vörn gegn bakteríumyndun
- Draga úr þurrki í augum og öndunarfærum

Einstök hönnun



Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi



Verð 6.500 kr.



Opið mán. – föst. kl. 11 - 17
Opið á laugardögum frá kl. 11. - 14.
Verð 9.500 kr.
Litir: svart ,hvítt .blá/grátt

Bonito ehf. Praxis,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.


;HEIMILI



**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457



**Hvaða tækifæri eru í norðurljósunum?** - Hlutverk gagnrýnna rannsókna í ferðaþjónustu er yfirskrift ráðstefnu sem haldin verður í Hátíðarsal Háskóla Íslands á morgun klukkan 17. Þar velta fræðimenn fyrir sér á hvaða grunni ferðaþjónustu mætti betur byggja til framtíðar.

NÝ SENDING!
SPARIFATNAÐUR



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770




Áður en lagt er af stað til fjarlægra landa getur verið gott að vita hvar íslenski ræðismaðurinn er, því hann getur til dæmis liðsinnt ferðalöngum sem hafa glatað vegabréfi.

www.utanrikisraduneyti.is

Framhald af forsíðu



Kolbrún Björt þarf að feta sig eftir sandpokum á leið í vinnuna. MYND/ERLINGUR GRÉTAR

Þó að leikskólabörnin séu víðs fjarri þurfa Kolbrún Björt og Erlingur að vera í skólanum í sex til sjö tíma daglega en eftir það fara þau út að borða, enda eldhús sjaldgæf á heimilum, að sögn Kolbrúnar. Hún kveðst hafa kynnst skemmtilegu fólki í Taílandi, bæði aðkomnu og innfæddu og fólkið sem þau leigi hjá sé duglegt að kynna þeim taílenska menningu. „Við höfum skoðað helstu hof og minnismerki í nágrenninu, lært að steikja núðlur og spila á taílensk hljóðfæri, auk þess að sitja fíla og skoða apana í Lop Buri sem hafa lagt undir sig miðbæinn. Ég var reyndar bitin af einum,“ segir hún glaðlega. „En það var engu að síður mjög merkilegt.“

Nokkrum sinnum kveðst Kolbrún Björt hafa komið til Bangkok og segir hana áhugaverða borg þegar komist hafi verið yfir umferðarbrjálæðið og söluhörkuna. „Við höfum líka heimsótt eyna Koh Samet og látið öldurnar rugga okkur og sólina sleikja okkur,“ segir hún og heldur áfram að telja upp ævintýri. „Í Kanchanaburi skoðuðum við brúna yfir Kwai-fljótið og kíktum í frábært tígrisdýrahof þar sem við fengum að ganga með tígrunum, klappa þeim og sjá þá leika sér. Það er með því mest spennandi sem ég hef upplifað! Við hjónin höfum alltaf verið mjög hrifin af stórum kattardýrum þannig að þarna fengum við að lifa langþráðan draum.“

Kolbrún og Erlingur stefna á að vera í Taílandi út febrúar og eru því rétt að byrja að kynnast því hvað landið hefur að bjóða. „Við hlökkum mikið til að fara til Phuket og Chiang Mai og svo væri ekki leiðinlegt að læra að kafa,“ segir Kolbrún Björt. „En ævintýrin liggja ekki síður í hversdeginum – í því að finna froska í skónum sínum eða labba um markaðinn og furða sig á því sem er í boði. Þetta er allt hluti af upplifuninni.“

*gun@frettabladid.is*

Rafstilling ehf



Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

BURT MEÐ BUMBUNA

395 KCAL



Fitness Burrito
Heilhveiti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. 1.190 kr

385 KCAL



Hot´nSweet salat m. kjúkling
Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +85 kcal) 1.350 kr

383 KCAL



Tacos m. nautahakki
3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi. 1.340 kr

Culiacan MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

SÆLLA ER AÐ
GEFA
EN ÞIGGJA

Sérblað um fyrirtækjagjafir kemur út þann 9. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is

Á netinu er að finna gagnagrunn með alls kyns fróðleik um bíla í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum; til dæmis hvaða gerðir sjást oftast og frá hvaða löndum þær eru. Þegar eru skráðir í grunninn um 410.000 bílar sem bregður fyrir í hátt í 25.000 kvikmyndum og þáttum.



www.imcdb.org

# ÞVOTTAVÉLAR

## &ÞURRKARAR

**Kynningarblað** Stórþvottur, orkusparnaður, hraði, gæði og ending

# Traust vinnukona í þvottahúsinu

**Einar Farestveit & Co á sér langa sögu á íslenskum raftækjamarkaði. Frá fyrstu tíð hefur verslunin selt þvottavélar sem reynst hafa vel á íslenskum heimilum, en duglegustu vinnuþjarkar fyrirtækisins á því sviði eru Candy, Blomberg og Panasonic, sem allar fara vel með þvottinn og skila honum skínandi hreinum.**



Þráinn Bj. Farestveit er verslunarstjóri Einar Farestveit & Co, sem selt hefur Íslendingum hágæða þvottavélar í áratugi. MYND/GVA

Candy eru gæðavélar sem reynst hafa Íslendingum stórkostlega í meira en fjörutíu ár," útskýrir Þráinn Bj. Farestveit, verslunarstjóri fyrirtækisins, en hann hefur orðið vitni að mikilli þróun og breytingum hjá framleiðendum þvottavéla á undanförnum árum.

„Í dag kappkosta framleiðendur að hafa þvottavélar eins umhverfisvænar og hægt er. Mikið er lagt upp úr nýtingu þvottaefnis, vinduhæfni og sparneytni með því að láta vélarnar nota sem minnst af vatni, sápu og rafmagni," upplýsir Þráinn og vísar í gæðavottorð þvottavéla fyrir hvert hæfnisþrep, þar sem hægt er að velja vélar með A-hæfni, A+, A++ eða síðri eiginleika sem merktir eru B eða C.

„Candy býr yfir breiðasta úrvali þvottavéla sem völ er á. Vélarnar fást í hefðbundinni stærð, 1.200, 1.400 eða 1.600 snúninga, en einnig sambyggðar með þvottavél og þurrkara í einni og sömu vélinni. Aðrir framleiðendur hafa einnig reynt að fara þá leið, en Candy er fremst meðal jafningja og hefur náð fullkomnum tökum á þessari útfærslu," segir Þráinn.

Þvottageta þvottavéla hefur einnig tekið miklum framförum á liðnum árum, að sögn Þráins.

„Áður þótti gott að fá vélar sem tóku 5 kíló af þvotti en nú taka þær 10 kíló og allt þar á milli. Sambyggðar vélar eru þarna engir eftirbátar og komið meira jafnvægi á milli þvottavélar og þurrkara, þar sem hægt er að þvo 8 kíló af þvotti og þurrka 6 kíló, sem er mikil framför frá því sem áður var," segir Þráinn.

Einar Farestveit selur einnig Candy-smáþvottavélar sem henta vel þar sem hefðbundin þvottavélastærð rúmast ekki. „Aukin eftirspurn er meðal eldra fólks eftir smávélum enda stendur það ekki í stórþvottum lengur og hefur minnkað við sig húsnæði. Þá vilja æ fleiri sumarhúsaeigendur geta sett í þvottavél í sveitinni," segir Þráinn um smávélar Candy sem fást bæði fram- og topphlaðnar. Sú minnsta er 1.000 snúninga, 51 sentimetra breið, 69,5 sentimetrar á hæð, 44 sentimetrar á dýpt og tekur 3,5 kíló af óhreinu taui.

„Candy hefur sterka stöðu meðal íslenskra neytenda og algengt er að fólk komi til að kaupa sína aðra eða þriðju Candy-vél af því sú gamla var svo góð," segir Þráinn.

Blomberg-þvottavélarnar hafa einnig notið verðskuldaðra vinsælda hjá Einari Farestveit & Co í 35 ár. Þær fást í 1200, 1400 eða 1600 snúningum, með góða þvottahæfni og rafmagnsnýtingu í algjöru lágmarki.

Nýjasta vörumerki Einars Farestveit & Co á sviði þvottavéla er Panasonic, en þær vélar komu fyrst á Evrópumarkað fyrir fjórum árum.

„Panasonic-þvottavélarnar hafa reynst einstaklega vel og Íslendingar treysta merkinu vel eftir góða reynslu af annars konar raftækjum frá Panasonic hingað til. Þær eru flestar með kolalausan mótor, eru einstaklega lágværar, með tvöfalda stáltromlu, stórt hurðarop og nýta vatn betur en allar aðrar hefðbundnar þvottavélar, ásamt því að vera áberandi sterklegar og flottar útlits."

Einar Farestveit & Co er í Borgartúni 28 í Reykjavík. Heimasíða er www.ef.is


MIKIÐ ÚRVAL ÞVOTTAVÉLA







Candy

Blomberg

Panasonic
ideas for life

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Alvöru iðnaðarvélar

**Fastus selur heimsþekkt merki í þvottavélum, þurrkurum, strau- og brotvélum til stórnotenda; fyrirtækja, heilbrigðisstofnana, aðila í ferðaþjónustunni og húsfélaga.**

Meðal viðskiptavina Fastus eru flestöll þvottahús landsins en fyrirtækið þjónar stórnotendum á sviði þvottavéla, svo sem fyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum. Á það bæði við um þvottavélar, þurrkara, strau- og brotvélar.

„Þau vörumerki sem Fastus býður upp á eru heimsþekkt og hafa verið notuð hérlendis áratugum saman við góðan orðstír,“ segir Jóhannes Blöndal, sölumaður hjá Fastus. Merkin sem um ræðir eru Electrolux Wascator frá Svíþjóð og Primus frá Belgíu en sjálfur hefur Jóhannes selt þvottavélar frá þessum fyrirtækjum lengi og veitir viðskiptavinum ráðgjöf, með mismunandi þarfir þeirra til hliðsjónar.

„Wascator-þvottavélar og -þurrkarar hafa mikið verið keyptar af húsfélögum og hafa enst einstaklega vel. Wascator hefur verið leiðandi í þróun þvottavéla og er mjög oft fyrst með nýjungar sem auka orkusparnað og stuðla að betri nýtingu á vatni og þvottaefnum.“

Jóhannes bendir sérstaklega á nýtt kerfi frá Wascator sem notað er til að þvo moppur. Þær eru þá þvegnar eins og annar þvottur en á lokastigum tekur vélin inn á sig vaxefni. Það gerir moppurnar tilbúnar til notkunar á gólfdúka með vaxi og þar með er hægt að þvo og bóna dúkinn á sama tíma.



„Það er áríðandi að hafa í huga að iðnaðarvélar eru gerðar fyrir 15.000-25.000 þvotta en heimilisvélar eru gerðar fyrir allt að 5.000 þvotta,“ segir Jóhannes Blöndal, sölumaður hjá Fastus.

„Primus-vélarnar okkar eru mjög sterkar og endingargóðar og hafa reynst mjög vel í þvottahúsum og öðrum iðnaðarfyrirtækjum. Hótel og ferðaþjónustan eru meðal margra notenda þeirra véla en stærstu þvottavélarnar taka alveg upp í 120 kg og þurrkarar upp í 77 kg,“ segir Jóhannes og bendir á að hægt sé að fá þvottavélar og þurrkara með greiðslukerfi, sem geti komið sér vel í húsfélögum og á öðrum stöðum þar sem greiða þarf fyrir einstakan þvott.

En hvað þurfa stórnotendur þvottavéla, eins og húsfélög og ferðaþjónusta, að huga að þegar þvottavél er valin? „Áríðandi er að hafa í huga að iðnaðarvélar eru gerðar fyrir 15.000-25.000 þvotta en heimilisvélar fyrir allt að 5.000 þvotta. Iðnaðarþvottavélarnar eru oftast tengdar beint við heitt vatn og eru þar af leiðandi einnig mun fljótari að þvo. Þarna liggur þá oft verð- og gæðamunur. Vélarnar er hægt að stilla á mismunandi þvottakerfi eftir óskum hvers notanda. Minni vélarnar, sem eru af sömu stærð og heimilisvélar, eru sérstaklega styrktar til þess að mæta mikilli notkun,“ segir Jóhannes og bætir því við að lokum að mikil áhersla sé lögð á góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu hjá Fastus.


HREIN SNILLD
Á TILBOÐSVERÐI!

ÞVOTTAVÉL
LAVAMAT 62840




1200 sn. / 6 kg
TILBOÐSVERÐ: 99.900
Listaverð: ~~119.900~~ kr.

ÞVOTTAVÉL
LAVAMAT 64840




1400 sn. / 6 kg
TILBOÐSVERÐ: 109.900
Listaverð: ~~129.900~~ kr.

ÞURRKARI
LAVATHERM T55460




Barkalaus / Rakaskynjari / 6 kg.
TILBOÐSVERÐ: 99.900
Listaverð: ~~119.900~~ kr.

Þér líður betur með AEG

Komdu og gerðu góð kaup!

ORMSSON
PERSÓNULEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Lágmúla 8 · Sími 530 2800 · www.ormsson.is
Verslanir og umboðsmenn um land allt



NORDICPHOTOS/GETTY

# Stóri þvottadagurinn

**Þvottur er eitt af eilífðarverkefnum heimilisins og við það má ekki kasta til höndum. Fylgja skal merkingum á flíkinni og fara varlega með heitt straujárn.**










**1. Þvottamerkingar** segja til um hvernig meðhöndla á flíkina. Þær skal lesa vel áður en flíkin er sett í vélina eða þurrkarann til að eyðileggja ekki sparibuxur eða fínan kjól. Sumar merkingar eru illskiljanlegar en til að glöggva sig á hvað hvert tákn þýðir má kíkja inn á heimasíðu neytendasamtakanna, www.ns.is og slá inn orðinu þvottur í leitarglugga.

**2. Viðkvæmar flíkur** má ekki þvo í vél. Þær eru þá merktar með hendi í þvottabala og skal taka fullt mark á þeirri merkingu. Sumar þvottavélar eru með „handþvottakerfi“ en lítið mál er að þvo í höndunum. Fyllið vaskafat eða handlaugina af vatni og passið hitastigið vel, ekki hafa það heitara en 30 gráður. Notið lítið af þvottaefni og kreistið flíkina milli handa í vatninu. Sniðugt er svo að vinda flíkina innan í stóru handklæði með því að snúa upp á báða enda handklæðisins eins og á karamellubréfi, og leggja svo flata til þerris.

**3. Flokka** þarf þvott eftir lit ,þar sem litaðar flíkur geta látið lit í þvotti, sérstaklega við háan hita. Stundum nægir að einn rauður sokkur slæðist með til að full þvottakarfa af hvítum þvotti komi bleik út úr vélinni.

**4. Frágangur** á þvotti getur verið þreytandi og sumum finnst sokkaflokkun leiðinlegast heimilisverka. Reyna má að kaupa alla sokka í einum lit og sömu gerðar svo ekkert þurfi að flokka, en þeir sem vilja eiga munstraða sokka í mismunandi lit geta auðveldað sér fráganginn ofan í skúffurnar með því að flokka sokkana um leið og þeir eru teknir úr þvottavélinni og hengja þá í pörum á snúruna.

**5. Straujárn** þarf að nota á réttan hátt svo ekki fari illa. Hitann þarf að stilla eftir leiðbeiningum á flíkinni og oft er betra að strauja flíkur á röngunni svo ekki myndist för í efnið. Hafðu úðabrúsa með vatni við höndina eða rakt stykki ef ekki er gufustilling á straujárninu. Ekki láta járnið liggja lengi á sama stað, renndu því með jöfnum hraða yfir flötinn. Mundu að taka það úr sambandi þegar allt er orðið slétt og komið inn í skáp.








Helstu kröfur Íslendinga, þegar þvottavélar eiga í hlut, eru að þær endist vel, hafi lága bilanatíðni, þvoi mjög vel og séu fljótar að því. Siemens-vélarnar standast vel allar þessar kröfur.

# Siemens ávallt skrefi á undan

**Heimilistækjasvið Siemens er í fremstu röð varðandi tækninýjungar og nýsköpun. Smith & Norland hefur á boðstólum breitt úrval af þvottavélum og þurrkurum frá Siemens. Tækin uppfylla helstu kröfur Íslendinga, þau endast vel og hafa lága bilanatíðni.**

Hjá Smith & Norland má fá ódýrar þvottavélar sem eru einfaldar í notkun og taka 5,5 kg og alveg upp í þvottavélar sem taka 8 kg með ýmsum fleiri eiginleikum, til að mynda fyrir stærri fjölskyldur. Íslenskt stjórnborð er á öllum þessum þvottavélum og þurrkurum. Allir ættu því að finna góða vél við sitt hæfi.

Helstu kröfur Íslendinga, þegar þvottavélar eiga í hlut, eru að þær endist vel, hafi lága bilanatíðni, þvoi mjög vel og séu fljótar að því. Því verður Siemens oft fyrir valinu og vörumerkið hefur löngum verið Íslendingum tákn um glæsileika, gæði og góða endingu.

Flestar Siemens-þvottavélar hafa nú öflugt 15 mínútna hraðkerfi sem skilar góðum þvotti. Er það þægilegt fyrir nútímafjölskyldur sem oft eru á hraðferð. Með nýrri aðgerð, sem nefnist „varioPerfect“, geta Siemens-þvottavélarnar verið enn sneggri að þvo og sparað enn meiri orku. Með því að nota „speedPerfect“ ná þær að vera allt að 60% fljótari með þvottinn en með „ecoPerfect“ minnkar orkunotkun svo að hún fer allt að 30% undir viðmiðunarmörk hjá orkuflokki A.

Að sjálfsögðu verður þvotturinn jafngóður og áður. Þess má geta, að í októberhefti þýska blaðsins Test fengu Siemens-þvottavélar bestu einkunnirnar. Smith & Norland hefur í 55 ár ávallt lagt metnað sinn í að selja vandaðar vörur og veita trausta ráðgjöf. Smith & Norland sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.



Ariel þvottefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

## ÞVOTTAVÉL FRÁ SIEMENS, SEM LÆTUR BLETTINA HVERFA

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Sextán blettakerfi fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænu.

Tromlan er óvenjustór, tekur 65 lítra og má þvo í henni allt að 8 kg. Innra byrði tromlunnar er með dropalaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: 15 mínútna hraðkerfi og 60 mínútna kraftþvottakerfi fyrir meðalóhreinan þvott. Á henni eru snertihnappar og stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun.

## SIEMENS „MASTERCLASS“ ÞVOTTAVÉL MEÐ KOLALAUSUM MÓTOR

Nýi iQdrive kolalausi mótorinn er sá hljóðlátasti, hagkvæmasti og endingarbesti sem Siemens hefur nokkurn tímann framleitt. Með tímanum slitna venjulegir mótorar vegna kolanna, en nýi kolalausi mótorinn heldur áfram að ganga eins og á fyrsta degi. Þessi nýja tækni gerir það að verkum að vélin notar mun minna rafmagn en áður en nær samt sama árangri. Með kolalausum mótor er komið í veg fyrir að vélin hitni nokkuð að ráði, öfugt við venjulega mótora. Þess vegna notar vélin allt að 30% minni orku en sambærileg vél í orkuflokki A.

Ný hönnun á hliðum vélarinnar og hljóðlátur mótor gera það að verkum að titringur minnkar til muna. Jafnvel á mesta snúningshraða, 1600 sn./mín., er vélin þýðgeng og hljóðlát. Líttu inn hjá Smith & Norland og hlustaðu á hana vinna – þú þarft að hlusta vel.


Með kolalausum mótor má draga verulega úr orkunotkun.


Siemens er í fremstu röð hvað varðar tækninýjungar til orkusparnaðar á heimilum.

## UMHVERFISVÆN STEFNA SIEMENS

Siemens er vel þekkt fyrir umhverfisvæna stefnu sína og er í fremstu röð hvað varðar tækninýjungar til orkusparnaðar á heimilum.

Siemens hefur kynnt til sögunnar nýjan sjálfhreinsandi þurrkara, WT 46W572DN, sem notar 50% minna rafmagn en sambærileg tæki í orkuflokki A. Auk þess heldur þurrkarinn sömu orkuflokkun allan endingartímann og sker sig þannig úr miðað við aðra þurrkara í sama orkuflokki. Þurrkarinn er búinn nýrri tækni sem kallast „autoClean“ og gerir hann sjálfhreinsandi. Rakaþéttirinn hreinsast við hverja notkun sem stuðlar að minni orkunotkun (orkuflokkur A) og tryggir um leið styttri þurrkunartíma. Þurrkarinn fæst hjá Smith & Norland.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



Sparnaður alla leið
Nýju Whirlpool þvottavélarnar eru umhverfisvænni en áður hefur þekkst, þær nota minna vatn, minna rafmagn og síðast en ekki síst hjálpa þær þér að nota minna þvottaefni sem skilar sér í miklum sparnaði. Þvottavélin mælir hve mikið þvottaefni þarf í hvern þvott og tryggir þannig að ekki er sett of mikið þvottaefni í vélina.
Green Generation
A++
ml
6th sense COLORS
Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE
Heimilistæki
ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Bankar ráða yfir helmingi fyrirtækja

**Bankarnir eru með ægivald yfir atvinnulífinu. Samkeppniseftirlitið telur þá, beint eða óbeint, ráða yfir 46 prósentum stórra fyrirtækja sem keppa á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Margir rangir hvatar liggja að baki.**



**Fréttaskýring**
Þórður Snær Júlíusson

Bankar ráða yfir tæpum helmingi allra stórra fyrirtækja á helstu samkeppnismörkuðum hérlendis. Bankarnir hafa tilkynnt um yfirtöku á 17% þeirra en 29% fyrirtækjanna eru í mjög slæmri fjárhagslegri stöðu og ráða ekki örlögum sínum. Þau eru í höndum lánardrottna þeirra, bankanna. Þetta var niðurstaða rannsóknar sem Samkeppniseftirlitið gerði á stöðu 120 stórra fyrirtækja á völdum samkeppnismörkuðum. Eftirlitið telur að í ljósi sterkrar stöðu viðskiptabankanna þriggja hafi þeir „ægivald yfir atvinnulífinu í dag og séu að því leytinu til ígildi viðskiptablokkar, hver í sínu lagi“. Slitastjórnir eru síðan taldar fara með 7% ráðandi hlut í þessum stóru fyrirtækjum rétt eins og lífeyrissjóðir. Samanlagt ráða því bankar, slitastjórnir og lífeyrissjóðir, beint eða óbeint, yfir 60% af stærstu fyrirtækjum landsins.

### Verið að brjóta skilyrði

Einungis hefur verið tilkynnt um yfirtöku bankanna á um þriðjungi þeirra fyrirtækja sem samkeppnisyfirvöld skilgreina að séu sannarlega í mjúkum faðmi þeirra. Að taka yfir fyrirtækin fylgja enda töluverðar kvaðir. Samkeppniseftirlitið hefur sett ítarleg skilyrði sem snúa meðal annars að því að bankarnir verða að gera eðlilegar arðsemiskröfur til fyrirtækjanna og að þeir verði að selja þá innan tiltekins tíma. Hver sá tímarammi er hefur þó ekki verið gefið upp.

Samkeppnisyfirvöld hafa áhyggjur af því að bankarnir séu í sumum tilfellum að brjóta bæði þessi skilyrði. Stundum hefur tímarammanum sem bankarnir hafa fengið til að selja fyrirtækin verið hnikað til og í öðrum er augljóst að arðsemiskröfur sem gerðar hafa verið til endurskipulagðra fyrirtækja standast ekki. Þau fá einfaldlega að tapa peningum í samkeppni við önnur fyrirtæki sem eiga ekki banka sem eiganda.

### Haltra áfram með stuðningi bankanna

Samkeppnisyfirvöld telja að vegna þeirra ströngu skilyrða sem þau hafa sett bönkunum um meðferð þeirra fyrirtækja sem þeir taka yfir þá dragi bankarnir lappirnar við að tilkynna um slíka yfirtöku. Þá fá bersýnilega gjaldþrota fyrirtæki að haltra áfram, að forminu til með sömu eigendur og stjórnendur, en í raun liggur allt ákvörðunarvald um stjórnun og framtíð þeirra hjá lánardrottnum, bönkunum.

Í rannsókn Samkeppniseftirlitsins er komist að þeirra niðurstöðu að um 29% 120 stórra fyrirtækja á stórum samkeppnismörkuðum séu í þessari stöðu.

### Rangir hvatar

Eftirlitið telur marga ranga hvata búa að baki þessari stöðu. Einn er svokallaður „umsýsluvandi“. Í skýrslu samkeppnisyfirvalda „Samkeppni eftir hrun“, sem var kynnt í júní, segir að þessi vandi „endurspeglist í því að þeir aðilar sem starfa við að leysa úr vandamálunum hafa af því talsverðar tekjur og byggja lifibrauð sitt á því. Þrátt fyrir góðan ásetning vinna hagsmunir þeirra af tekjuöflun og atvinnuöryggi gegn hagsmunum samfélagsins af hraðri úrlausn. Hér eiga í hlut skilanefndir, starfsmenn í úrlausnarferlum bankanna, starfsmenn viðkomandi fyrirtækja o.fl.“

Annar er „eigendavandinn“. Í honum felst að kröfuhafar bankanna, sem eru að mestu eigendur tveggja þeirra, hafi af því hagsmuni að fá „eins mikið og mögulegt er út úr kröfum sem standa á fyrirtækjunum“. Þess vegna láti þeir langtímaviðskiptahagsmuni bankanna víkja fyrir skammtímagróðasjónarmiði.

## EIGNAUMSÝSLUFÉLÖG BANKANNA

**ARION BANKI: Eignabjarg**

Eignabjarg er dótturfélag Arion banka sem stofnað var til að halda utan um þau fyrirtæki sem bankinn leysti til sín. Félagið á síðan að selja fyrirtækin þegar tóm þykir til. Í dag á Eignabjarg 100% hlut í Pennanum á Íslandi og Fram Foods. Auk þess á félagið 61,7% hlut í smásölurisanum Högum hf. og 42,7% í Reitum fasteignafélagi. Eignabjarg átti einnig 100% hlut í BM Vallá en seldi hann nýverið fyrir ótilgreinda upphæð. BM Vallá hafði þá verið í eigu Arion banka, eða Eignabjargs, frá því í maí 2010. Áður hafði Eignabjarg selt Rekstarfélag tíu-ellefu ehf. til nýrra eigenda.

*Eignabjarg tapaði 2,3 milljörðum króna á árinu 2010. Tapið er nánast einvörðungu tilkomið vegna áhrifa frá dóttur- og hlutdeildarfélögum þess; fyrirtækjanna sem Arion hefur yfirtekið og fært til Eignabjargs.*

**ÍSLANDSBANKI: Miðengi**

Miðengi er dótturfélag Íslandsbanka. Starfsemi félagsins snýst um að halda utan um heil fyrirtæki eða eignarhluti sem Íslandsbanki hefur yfirtekið. Á meðal þess sem finna má á eignaskrá Miðengis er 100% hlutur í Jarðborunum, 71,1% hlutur í Bláfugli ehf. og 62,9% hlutur í BLIH ehf. (sem á og rekur bílaumboðin Ingvar Helgason og B&L). Auk þess á félagið minni eignarhluti í Atorku Group, Frumtaki GP ehf., IG Invest ehf. og nokkrum til viðbótar. Þess utan á Miðengi hlut í níu félögum sem halda utan um fasteignir. BLIH ehf. og Jarðboranir eru bæði í sölumeðferð.

*Miðengi hefur ekki skilað ársreikningi vegna ársins 2010. Í uppgjöri félagsins fyrir árið 2009 kemur fram að félagið hafi tapað 276 milljónum króna á því ári. Tapið var nær einvörðungu vegna hlutdeildar Miðengis í afkomu dótturfélaga sinna.*

**LANDSBANKINN: Horn og Framtakssjóðurinn**

Landsbankinn stofnaði eignaumsýslufélagið Vestia á fyrri hluta ársins 2009. Tilgangur Vestia var sagður að fara með eignarhald bankans á hlutafé annarra rekstrarfélaga. Landsbankinn ákvað síðan að selja Vestia til Framtakssjóðs Íslands í janúar 2011. Vestia hafði þá þegar tekið yfir Icelandic Group, Teymi (sem m.a. á Skýrr og EJS), Húsasmiðjuna og Plastprent. Landsbankinn fékk 15,5 milljarða króna fyrir fyrirtækin auk þess sem hann eignaðist 27,6% hlut í Framtakssjóðnum. Landsbankinn er því stærsti einstaki eigandi sjóðsins. Síðan Landsbankinn eignaðist í sjóðnum hefur hann keypt stóran hlut í N1 ehf. og Promens. Fyrir átti sjóðurinn stóran hlut í Icelandair Group.

Landsbankinn á auk þess Horn fjárfestingafélag sem á meðal annars hluti í Eimskipum, Eyri Invest (sem á 34,7% í Marel) og Promens.

*Framtakssjóðurinn hagnaðist um 2,5 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins 2011. Líkt og sagt er frá annars staðar í Markaðinum hefur Horn fjárfestingafélag hagnast um 10,1 milljarð króna á fyrstu níu mánuðum þessa árs.*



**SKÝRSLAN KYNNT** Páll Gunnar Pálsson ásamt Árna Páli Árnasyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, þegar skýrslan „Samkeppni eftir hrun“ var kynnt.

## Hefur skapað afleitar samkeppnisaðstæður

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir það niðurstöðu rannsóknar eftirlitsins að endurskipulagning fyrirtækja hafi ekki gengið nógu hratt og að bankarnir og aðrir sem að málinu koma þurfi að gera mun betur.

Þessi niðurstaða sé sett fram á mjög skýran hátt í skýrslunni „Samkeppni eftir hrun“ sem kynnt var síðasta sumar. „Ályktunin sem við drógum af rannsókn á þessum 120 fyrirtækjum er sú að það væri ekki verið að reka nægilega mörg þeirra með arðsemissjónarmið að leiðarljósi. Við höfum líka áhyggjur af því að bankarnir hafi yfirráð yfir fleiri fyrirtækjum en þeir hafa tilkynnt til okkar og erum að skoða það hvort svo sé. Þegar við fórum að rannsaka þetta þá sló það okkur hversu stór hluti fyrirtækja hefur ekki farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu þótt þau hafi greinilega þurft á því að halda. Það er ekki búið að taka yfir fyrirtækin heldur eru þau rekin áfram á óljósum grundvelli. Í þeim tilvikum er ekki búið að taka nægilega til né taka þær ákvarðanir sem gera fyrirtækjunum kleift að starfa sjálfstætt á samkeppnismarkaði. Við erum því með umhverfi þar sem hætta er á að fyrirtæki séu rekin lifandi dauð. Það er engum til góðs og skapar afleitar samkeppnisaðstæður.“

### Vont fyrir samkeppni

Samkeppniseftirlitið hefur sett bönkunum ströng skilyrði sem þeir verða að fylgja þegar þeir taka yfir fyrirtæki. Fyrstu ákvarðanirnar voru teknar í mars í fyrra. Að sögn Páls Gunnars voru þar sett ítarleg skilyrði, meðal annars varðandi það hversu lengi bankarnir mættu eiga þessi fyrirtæki sem þeir tóku yfir. „Þar voru auk þess sett fram skilyrði um hvernig bankinn má koma fram sem eigandi, um armslengdarsjónarmið og reynt að búa þannig um hnútana að þessi erfiða og vonda staða fyrir samkeppnina, sem í felst að banki er bæði eigandi og lánveitandi tiltekins fyrirtækis, verði bætt á meðan á eignarhaldinu stendur. Síðan þá höfum við sett bönkum fjölmörg sambærileg skilyrði. Frá því í mars í fyrra og þar til í dag eru ákvarðanirnar 27 talsins. Af þeim eru 17 ákvarðanir enn virkar, en tíu ekki lengur virkar vegna breytinga á eignarhaldi.“

### Ekki farið eftir skilyrðum

Páll Gunnar segir að eftirlitið hafi lagt mikla áherslu á eftirfylgni þessara skilyrða. „Sú eftirfylgni er í höndum óháðra aðila, til dæmis innri endurskoðenda eða utanaðkomandi aðila, sem er með völd til að skila okkur skýrslum um það sem aflaga hefur farið. Við höfum verið að taka við slíkum skýrslum og í þeim hafa komið fram ýmis atriði sem gefa til kynna að það sé ekki farið eftir skilyrðunum. Í þeim tilvikum höfum við gripið inn í og sagt bönkunum að bæta úr. Við höfum ekki sektað bankana vegna þessa enn sem komið er, en við höfum sektað skilanefnd Landsbankans vegna þess að hún tilkynnti okkur ekki með réttum hætti um yfirtöku á fyrirtæki.“



# Rekstrarhorfur bankanna að batna

**Arðsemi grunnrekstrar hjá viðskiptabönkunum þremur er komin æði nálægt arðsemiskröfu Bankasýslunnar. Þá er bæði eiginfjárstaða og lausafjárstaða bankanna sterk. Kostnaðarhlutföll þeirra eru hins vegar enn ansi há og staða útlánasafna þeirra mikilli óvissu háð.**

**Fréttaskýring**
Magnús Þorlákur Lúðvíksson

Stóru viðskiptabankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, birtu hálfsársuppgjör sín í síðasta mánuði. Rétt eins og síðustu misseri skiluðu bankarnir talsverðum hagnaði á fyrri hluta ársins. Þó nokkur hluti hagnaðar bankakerfisins skýrist hins vegar áfram af óreglulegum tekjum en arðsemi af grunnrekstri hefur batnað hjá Landsbankanum og Arion banka.

Landsbankinn skilaði tæplega 24,5 milljarða króna hagnaði á fyrri helmingi ársins. Arion banki hagnaðist um rúma 10 milljarða og Íslandsbanki um rúma 8 milljarða. Þessar hagnaðartölur jafngilda arðsemi eigin fjár upp á 26,4 prósent, 22,6 prósent og 13,3 prósent sem er í öllum tilfellum yfir arðsemiskröfu Bankasýslu ríkisins að gefnu eiginfjárhlutfalli bankanna.

Þegar meta skal rekstrarhorfur bankanna til framtíðar er hins vegar skynsamlegra að líta á arðsemi grunnrekstrar bankanna, það er leiðrétta fyrir óreglulegan hagnað. Engin ein rétt skilgreining er til á grunnrekstri banka en Bankasýslan hefur notað tvo ólíka mælikvarða til að meta arðsemi grunnrekstrar. Annars vegar kjarnarekstur þar sem leiðrétt er fyrir áhrifum af endurmati eigna, gjaldeyrissveiflum og áhrifum af rekstri dótturfélaga í óskyldum rekstri. Og hins vegar reglulegan rekstur þar sem einnig er leiðrétt fyrir hagnaði eða tapi af fjárfestingum og öðrum tekjum. Má líta á kjarnarekstur sem efri mörk á grunnrekstri banka og reglulegan rekstur sem neðri mörk.

Báðir mælikvarðarnir leiða í ljós að grunnrekstur bankanna hefur heldur verið að styrkjast. Á síðasta ári batnaði reksturinn verulega hjá Arion banka og Landsbankanum en stóð í stað Íslandsbanka. Á þessu ári hefur grunnrekstur Íslandsbanka og Landsbankans styrkst en grunnrekstur Arion banka heldur versnað. Á fyrri hluta þessa árs var arðsemi grunnrekstrar á bilinu 8,2 til 17,6 prósent hjá Landsbankanum, á bilinu 12,6 til 12,7 prósent hjá Íslandsbanka og á bilinu 8,9 til 11,6 prósent hjá Arion banka. Þessi arðsemishlutföll eru í takti við arðsemiskröfu Bankasýslunnar sem bendir til þess að rekstur bankanna sé að komast í ágætt horf.

Bætt arðsemi skýrist að hluta til af því að vaxtamunur hefur farið hækkandi. Samkvæmt Fjármálaeftirlitinu var vaxtamunur 3,4 prósent á fyrri hluta árs 2011 samanborið við 2,4 prósent árið 2009 og 3,05 prósent 2010. Vaxtamunur er talsvert hærri hér á landi en í nágrannalöndum Íslands og vaxtatekjur stærra hlutfall af reglulegum tekjum. Þjónustutekjur eru aftur á móti litlar hjá viðskiptabönkunum sem skýrist meðal annars af því hve lítil velta hefur verið á hlutabréfamarkaði eftir hrun.

Kostnaður við rekstur bankanna er enn nokkuð hár. Á fyrri hluta ársins var kostnaðarhlutfall Arion banka 52 prósent, kostnaðarhlutfall Íslandsbanka 49 prósent og kostnaðarhlutfall Landsbankans 36 prósent. Kostnaðarhlutföllin eru reyndar tímabundið hærri en búast má við að þau verði til framtíðar þar sem vinna við endurskipulagningu lána hefur verið mannaflsfrek og bönkunum dýr. Þegar þeirri vinnu lýkur er því von á að kostnaðarhlutföll lækki. Aftur á móti gerir smæð íslenska markaðarins það að verkum að bankar hér eiga erfitt með að ná fram stærðarhagkvæmni. Því verða kostnaðarhlutföll innlendra banka sennilega áfram í hærri kantinum í fyrirsjáanlegri framtíð.

Eiginfjárstaða bankakerfisins er mjög sterk. Þá er lausafjárstaða bankanna einnig tiltölulega góð þótt afnám gjaldeyrishafta gæti haft nokkur áhrif á lausafjárstöðuna. Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka á fyrri hluta ársins var 28 prósent sem er langt umfram kröfu Fjármálaeftirlitsins um 16 prósenta eigið fé. Hlutfall Landsbankans var 22 prósent á tímabilinu og hlutfall Arion banka 21 prósent. Svo há hlutföll þýða að bankarnir hafa talsvert svigrúm til að standa af sér áföll sem kunna að ríða yfir.

Helsta áhyggjuefnið í rekstri bankanna er væntanlega staða lánabóka þeirra. Um 15 prósent allra útlána eru í vanskilum en algengt er að þetta hlutfall sé á bilinu eitt til tvö prósent hjá bönkum með gott útlánasafn. Með rýmri skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins á vanskilum eru allt að 30 prósent lána annaðhvort í vanskilum eða í tapsáhættu. Hlutfallið hefur farið lækkandi síðustu mánuði en þó er ljóst að talsverð vinna bíður bankanna enn við endurskipulagningu á lánasöfnum þeirra.

**REKSTUR BANKANNA**






# 6,4 milljarða skuldum breytt í nýtt hlutafé

Hlutafé í Existu, sem nýverið var endurnefnt Klakki ehf., var aukið um 6,4 milljarð króna í lok ágúst. Allt hlutaféð var greitt með skuldajöfnun. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu var um að ræða stóran hóp kröfuhafa, bæði innlendra og erlendra, sem lýstu kröfum sínum á Klakka/Existu fyrir allnokkru og hafa nú fengið umræddar kröfur viðurkenndar.

Klakki/Exista gekk í gegnum nauðasamning haustið 2010. Í honum fólst meðal annars að kröfuhafar félagsins breyttu um 10% af samningskröfum Existu í hlutafé og tóku félagið yfir í kjölfarið. Eftirstandandi samningskröfum var breytt í lán að fjárhæð 122 milljarðar króna. Ljóst er að kröfuhafarnir hafa afskrifað stórar fjárhæðir í endurskipulagningunni því samkvæmt síðasta birta ársreikningi námu skuldir Existu 486 milljörðum króna í lok árs 2009. Ársreikningur Klakka/Exista fyrir árið 2010 og árshlutareikningur þess fyrir fyrri hluta ársins 2011 liggja báðir fyrir. Framkvæmdastjóri Klakka/Existu vildi ekki afhenda reikningana þegar eftir því var óskað.


**STJÓRN** Pétur J. Eiríksson e-r stjórnarformaður Klakka/Existu.


**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** Aðalhagfræðingur ASÍ segir deyfð blasa við næstu árin nema fjárfesting aukist verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Spáir hægum vexti næstu ár

Hagdeild ASÍ er heldur svartsýnni á hagvaxtarhorfur hér á landi en aðrir spáaðilar. ASÍ birti í gær hagspá fyrir næstu ár, en þar er spáð 2,4 prósenta hagvexti á þessu ári, 1 prósents hagvexti á næsta ári, 2,7 prósenta hagvexti árið 2013 og loks 1,5 prósenta hagvexti árið 2014.

Spá ASÍ er í takti við aðrar spár um hagvöxt á þessu ári en er nokkuð svartsýnni um horfur á næstu árum en Seðlabankinn, AGS, OECD og Íslandsbanki, sem hafa til að mynda spáð hagvexti á bilinu 1,6 til 3,1 prósents árið 2012.

Í skýrslu hagdeildar ASÍ segir að verstu afleiðingar hrunsins séu komnar fram og hægur efnahagsbati sé fram undan. Hagur heimilanna vænkist nokkuð á næstu misserum en atvinnuleysi haldist hátt og verði enn um 5 prósent í lok árs 2014.

Ekki er í spánni gert ráð fyrir stórum framkvæmdum á næstu árum. Verði framkvæmdir við álver í Helguvík og orku- og iðjuver á Norðurlandi að veruleika yki það hins vegar hagvöxt áranna um 3 prósentustig.


**NÓBELSVERÐLAUNAHAFI** Krugman verður á ráðstefnunni á morgun.

## Paul Krugman talar í Hörpu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og ríkisstjórn Íslands munu í sameiningu halda alþjóðlega ráðstefnu um þann lærdóm sem hægt er að draga af efnahagsbata Íslands í Hörpu á fimmtudag. Á meðal þeirra sem halda framsögu eru Nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugman og hagfræðingarnir Willem Buiter og Simon Johnson. Þeir munu meðal annars ræða um hvort önnur lönd geti dregið lærdóm af þeirri leið sem farin var hérlendis.

Tilefni ráðstefnunar er lok efnahagsáætlunar Íslands og AGS. Henni lauk með síðustu endurskoðun hennar í lok ágúst síðastliðins. Íslendingar fengu samtals 2,1 milljarð dala, um 240 milljarða króna, að láni meðan á áætluninni stóð.


ÞESSI TVENN GLERAUGU ERU EKKI ALVEG EINS



Önnur þeirra hafa aldrei séð úrræði til að lækka kostnað fyrirtækja og ná fram hagræðingu.
Hin eru eins og Fjárvakur. Þau búa að mikilli reynslu þegar kemur að því að koma auga á skilyrði fyrir hagræðingu og meiri árangri í rekstri.

FJÁRVAKUR ER EKKI EINS OG ÖNNUR FJÁRMÁLAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Fjárvakur sérhæfir sig í umsjón bókhalds, launavinnslu og annarra fjármálaferla fyrir meðalstór og stór fyrirtæki. Fagfólk okkar leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, áreiðanlegar upplýsingar og að ná árangri með viðskiptavinum okkar.

Með því að útvista fjármálaferlum til Fjárvakurs geta fyrirtæki dregið úr kostnaði og lagt meiri áherslu á kjarnastarfsemi sína. Aukin áhersla á kjarnastarfsemi stuðlar að meiri árangri í rekstri. Okkar kjarnastarfsemi er umsjón fjármálaferla. Hver er þín kjarnastarfsemi?

KYNNTU ÞÉR HVAÐ VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

SÍMI 50 50 250
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS
WWW.FJARVAKUR.IS

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

ÍSLENSKA SIA.IS ICS 53076 10.2011

MARKAÐURINN
Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Viðtal við Guðmund Steingrímsson – vísir

ÞRJÚ ÁR FRÁ HRUNI
Greinar valinna penna um hrunið og eftirleik þess – vísir

BANKAHÓLFIÐ

Þórður Snær Júlíusson

## Bölvað traustið þvælist fyrir

Allmargt hefur tapast í bankahruninu. Fjölmargir hafa tapað eign sinni í heimilum sínum, íslenska þjóðin hefur tapað kaupmætti launa sinna, stjórnmálamenn hafa tapað getu til annarra gjörða en upphrópana og erlendir kröfuhafar hafa tapað hátt í 7.500 milljörðum króna.

Auk þess hefur nánast allt traust til fjármálakerfisins tapast. Skoðanakannanir sýna að einungis 3-4% landsmanna treysta bönkunum mjög vel. Við þessar aðstæður ákvað stjórn Bankasýslunnar að ráða Pál Magnússon sem forstjóra sinn. Hann hefur nú tekið þá skynsömu ákvörðun að taka ekki við starfinu.

Nú getur vel verið að Páli sé margt til lista lagt, en ráðning hans var ekki til þess fallin að auka traust á þá stofnun sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, er ætlað að endurreisa öflugan innlendan fjármálamarkað og að lokum að selja þau fjármálafyrirtæki sem vilji er til að selja úr fangi ríkisins. Ástæðan er einföld: Páll var aðstoðarmaður þess ráðherra sem seldi bankana síðast.

Það þýðir auðvitað ekki að Páll sé ekki hæfur til að selja banka. Það getur vel verið að hann hafi verið allur af vilja gerður til að sinna starfinu óaðfinnanlega. Það virðist bara vera almennt sjónarmið að honum sé ekki treystandi til að gera það.

Upphaf endaloka íslenska fjárglæfraævintýrisins sem hefur snúið íslensku samfélagi á rönguna á undanförnum þremur árum er, held ég að megi fullyrða, í huga flestra landsmanna einkavæðing ríkisbankanna fyrir tæpum áratug. Á tímum þess gífurlega sundurlyndis sem ríkir á Íslandi er líkast til það eina sem þjóðin er sammála um er að það eigi ekki að selja/gefa bankana með sama hætti og gert var síðast. Framkvæmd þeirrar sölu verður að vera hafin yfir allan vafa. Pólitísk afskipti mega ekki vera nein. Fólk verður að minnsta kosti að geta treyst því. Slíkt traust hefði aldrei verið til staðar ef Páll Magnússon sæti við stýrið.




Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýkláarásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

ALLT KLÁRT



SHARP SJÓÐVÉL
ER-A220

15/30 vöruflokkar
Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Sérstaklega fyrirferðalítil skúffa

Kr. 39.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A213

Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er 75 fermetra bjart og fallegt húsnæði á jarðhæð við Eyraveg 5, Selfossi, sem einkum er hentugt sem verslunarhúsnæði eða fyrir aðra þjónustustarfsemi. Nánari upplýsingar í síma 698-1801.

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618.

Til leigu lítið herbergi í Vesturbænum 101 Rvk kjallara. Sími 845 0454.

Laus til leigu 3ja herb. kj. íbúð í R. 109. Reykleysi og reglusemi áskilinn. S.695 1790.

Herbergi til leigu fyrir kvk með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt hlemmi. Sími 661 5219.

Fullbúin íbúð til leigu til 15. apríl ca. Fyrir reyklausa og reglusama. Uppl. í s. 895 9420.

Vantar 3ja aðila í sambýli, með 2 karlmönnum 32-34 ára. Viðkomandi þarf að vera edrú eða virða það að ekkert áfengi er haft um hönd á heimilinu. Íbúðin er 190 fm og snyrtileg, stór herbergi, baðherbergi, stofa og eldhús. Stutt í strætó og verslunarkjarna. Uppl. í síma: 897-0120.

## Húsnæði óskast

Rólegur og reglusamur maður um 70 aldur óskar eftir stúdíóíbúð. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 662 1573 eða 771 7339.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 200+ fm atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu (150 fm niðri + 70 fm uppi). S. 892 1099

Iðnaðarhúsnæði til leigu 85 fm með 50 fm millilofti uppl.s. 8638022

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

**Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.**
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

Heilsárshús í Flóahreppi. Laust í vetur. www.starplus.is

Menorca, Mahon. Laust í vetur, 100.000 kr. mánuðurinn. www.starplus.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

DOGMA
- w w w . d o g m a . i s -

Óskum eftir að ráða starfsmann í fullt starf í verslun okkar á Laugavegi. Viðkomandi þarf að vera orðinn tvítugur, vera reyklaus og hafa reynslu af þjónustustörfum. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá með mynd á dogma@dogma.is DOGMA - Laugavegi 30

Grand Collection

**Verslunin Grand Collection í Kringlunni leitar eftir starfsfólki í 50 og 100% störf. Einnig er staða verslunarstjóra laus. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum. Lágmarks aldur 21 árs.**

**Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um fyrri störf á: unnurs86@hotmail.is**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar / Garðabæ**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í fullt starf í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Garðabæ. Vinnutími önnur vika fyrir hádegi og hin eftir hádegi og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.**
**Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

Við bjóðum þér skemmtilega aukavinnu eða aðalvinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. í s 841 1448.

## Viðskiptatækifæri

**Aukavinna - Viðskipti ?**
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www.lw-global.com/is eða 564 5959.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Flugfélagsins Geirfugl ehf, verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 02.11.2011, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins. Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is

## Ýmislegt



Hjörtur sonur minn er 30 ára á þessum merkis degi. Því miður erum við bæði að vinna. Svo viltu knúsa hann fyrir mig. Mamma.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## Atvinna

**PÍPULAGNINGARMENN**
**Vantar 3 pípara til vinnu í Noregi.**
Mikil vinna framundan. Spennandi tækifæri og miklir möguleikar fyrir vana menn. Krafist er minnst 5 ára starfsreynslu. Vinsamlegast sendið ferilskrá, upplýsingar og fyrirspurnir á g.lilja@simnet.is

World Class ICELAND

**Starfsmaður óskast**
World Class í Ögurhvarfi leitar eftir jákvæðum og áreiðanlegum starfsmanni í þrif. Vinnutími er 18:30-23:00 mán-fim, föstudagur 18:00-21:00 og 3 klst., laugardaga og sunnudaga. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við
**Aðalheiði í síma: 517 0612**

## Nám

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám**

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 26. október 2011 kl. 20.00 í Húsi meistaranna að Skipholti 70

**Eftirfarandi námsgreinar verða kynntar:**
- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Grafísk hönnun
- Útflutningstæknifræði
- Orkutækni

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

LILLEBÆLT

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2**
**• 270 MOSFELLSBÆ**
**• SÍMI: 586 8080**
**• FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

**Opin hús í dag miðvikudag frá kl. 12.30 til 13.00**




**Rúgakur 3, íbúð 102**
Rúmgóð og glæsileg 114,3 m2, 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 3 í Garðabæ. Rúmgóð og glæsileg íbúð með fallegum innréttingum. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar.
**Áhvílandi er ca. 23,0 milljón kr. lán frá Íbúðalánasjóði.**
**V. 27,9 m.** 10134

**Rúgakur 3, íbúð 104**
Rúmgóð og glæsileg 143,2 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í 2ja hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara við Rúgakur 3 í Garðabæ. Glæsilegar innréttingar og falleg gólfefni. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar.
**Áhvílandi er ca. 23,0 milljón kr. lán frá Íbúðalánasjóði.**
**V. 34,5 m.** 10135

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Leifur Aðalsteinsson löggildur fasteignasali.

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 26. okt. 2011, milli kl. 17.30 og 18.30**

**AUSTURTÚN 18 ÁLFTANESI. ALLIR VELKOMNIR. SJÓN ER SÖGU RÍKARI.**




**SELJANDI LÁNAR ALLT AÐ 85% AF KAUPVERÐI. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.**
Mjög vel skipulagt 204,6 fm. parhús á fallegum útsýnisstað við Austurtún á Álftanesi. Neðri hæðin er 94 fm, bílskúr er 24,5 fm, efri hæðin er 79,8 fm. Samtals 204,6 fm. Eignin er fullbúin að utan, tilbúin til innréttinga að innan. **V. 39,7 m.**

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 26. okt. 2011, milli kl. 18 og 19.**

**Frostafold 63 - 112 Rvk.**




Mjög vel skipulögð 97,4 fm 3 herb. íbúð á 3ju hæð með miklu útsýni. Suður-svalir. Sér 23,1 fm bílastæði í lokaðri bílageymslu.
**V. 23,9 m.**

**HEILSA**



## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** stagl, **6.** munni, **8.** hlé, **9.** heldur brott, **11.** holskrúfa, **12.** háspil, **14.** fjöldi, **16.** þótt, **17.** sakka, **18.** til viðbótar, **20.** skammstöfun, **21.** land.

**LÓÐRÉTT**
**1.** himinn, **3.** skammstöfun, **4.** undirbúningspróf, **5.** hlóðir, **7.** einstaklingur, **10.** stormur, **13.** mas, **15.** sjá eftir, **16.** hugur, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tafs, **6.** op, **8.** lot, **9.** fer, **11.** ró, **12.** tromp, **14.** skari, **16.** þó, **17.** lóð, **18.** enn, **20.** fr, **21.** laos.

**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** al, **4.** forpróf, **5.** stó, **7.** persóna, **10.** rok, **13.** mal, **15.** iðra, **16.** þel, **19.** no.









# Sjóleiðis skal það vera

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Nokkur ár eru síðan strandflutningar voru lagðir af á Íslandi og vöruflutningar landshluta á milli fara nú landleiðina með bíl. Tröllvaxnir vöruflutningabílar æða því um þjóðvegina og mylja undan sér malbikið, stundum með tengivagn í eftirdragi, svo það er eins og að mæta járnbrautarlest þegar þeir koma brunandi á móti manni.

**Á FERÐUM** mínum milli suðurs og norðurs hef ég mætt hundruðum, ef ekki þúsundum þessara bíla og tekið fram úr þeim nokkrum. Ég viðurkenni þó að veigra mér við að aka fram úr svo löngum farartækjum og þarf að telja í mig kjark til að keyra á öfugum vegarhelmingi þann tíma sem það tekur að komast fram fyrir tíuhjóla trukk með tengivagn. Einu sinni sagði mér ágætur bílstjóri að hann stoppaði frekar og biði stundarkorn í vegkantinum en að fara fram úr flutningabíl.

**NÝLEGA** var ég á ferðinni á þjóðvegi eitt eftir myrkur. Margur gæti haldið að þá væri leiðin greið og fáir á ferli til að trufla aksturinn en svo var ekki. Eins og leðurblökur á hjólum fóru tengivagnatrukkarnir á stjá eftir að skyggja tók og fóru um í flokkum. Ég hætti að telja þegar fjöldinn sem ég mætti var kominn á annan tug áður en ég komst í Varmahlíð frá Akureyri. Í vegaskálanum sátu bílstjórarnir svo bláklæddir í hópum og drukku kaffi. Svart, vonaði ég, svo þeir sofnuðu ekki við aksturinn.

**ÉG BLÓTAÐI** því að ekki væri hægt að treysta á auðan veg svona seint á mánudagskvöldi. Að þessir flutningar gætu ekki farið fram með öðrum leiðum en á örmjóum þjóðveginum og hvern fjárann væri svona mikilvægt að flytja að það gæti ekki beðið til morguns. Ég var orðin þess fullviss að flutningsfyrirtækin hefðu það eina markmið að tefja fyrir mér og var steytandi hnefann þegar trukkurinn fyrir framan mig gaf mér vinsamlega merki um að óhætt væri að fara fram úr.

**ÞEGAR ÉG** var komin fram fyrir hann lækkaði hann fljóðljósin af tillitssemi við mig. Í myrkrinu vonaði ég að hann hefði ekki séð hnefann á lofti stuttu áður. Það rann upp fyrir mér að kannski væru flutningabílarnir einmitt á ferðinni svona seint til að trufla sem minnst aðra umferð og að ég væri ekki síður fyrir þeim en þeir mér.

**FYRIR HÖND** okkar beggja vona ég því að strandflutningar verði teknir upp aftur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT ÍSLENSKT 100% NAUTAKJÖT NÝTT ÍSLENSKT 100% NAUTAKJÖT NÝTT ÍSLENSKT 100% NA...

500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
**FERSKT UNGNAUTASNITSEL**

500 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1998 KR. KG
**FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS**

200 KRÓNA VERÐLÆKKUN PR.KG
ÍSLANDS NAUT
1298 KR. KG
**FERSKT UNGNAUTAHAKK**

KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
**FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**
**1395 KR.KG**

398 KR. KG
FRÁ NÝJA SJÁLANDI
**LÍFRÆNT RÆKTUÐ EPLI**

Maxi KARTÖFLU MÚS
159 KR. 200G
200G MAXI ÓSVIKIN
**KARTÖFLU MÚS**

LÍFRÆNAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR
FRAMLEIÐANDI: AKURSEL ÖXARFIRÐI
FRÁ AKURSELI
**500G LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR**
**359 KR.**

Veldu gæði – veldu Kjarnafæði
KJARNAFÆÐI
698 KR. 620G
KJARNAFÆÐI
**FROSIÐ NAUTAHAKK**
620 GRÖMM

BRAUÐOSTUR
**OS BRAUÐOSTUR**
TILBOÐ
**998 KR.KG**
300 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG

Kyckling/Kylling
*MEIRA KJÖT, MINNA BEIN*
MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA !
DANSKUR
FROSINN 1.6 KG.
**HOLDA KJÚKLINGUR**
**1298 KR.STK**

Hagkvæmt fyrir heimilið!
KJARNAFÆÐI
ódýrt! ódýrt! ódýrt! ódýrt! ódýrt!
398 KR. KG
**BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT 2.FLOKKUR**

bragðmikið LÝSI
BÆTANDI BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
**ÞORSKALÝSI 500 ML.**
**398 KR.**

Kaffibrennsla Roma
TE & KAFFI
698 KR. 400G
TE & KAFFI 400 GRÖMM
**ESPRESSO ROMA**
BAUNIR EÐA FÍNMALAÐ

NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
798 KR. 12 STK
NICKY SALERNISPAPPÍR
**3 RÚLLUR Í KAUPAUKA**
SAMTALS 12 WC RÚLLUR

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vetlutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is

**FJALLAÐ VERÐUR UM ÆVI OG VERK TÓNSKÁLDSINS FRANZ LISZT** á hádegisfyrirlestri Gunnsteins Ólafssonar við tónlistardeild LHÍ í Sölvhóli, föstudaginn 28. október á milli klukkan 12 og 12.45. Um þessar mundir eru 200 ár liðin frá fæðingu tónskáldsins sem talið er vera einn áhrifamesti tónlistarmaður 19. aldar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 26. október**

### ➜ Tónleikar

**12.30** Síðustu hádegistónleikar aldarafmælisárs Háskóla Íslands fara fram í kapellu háskólans. Kammerhópurinn **Nordic Affect** leikur undir heitinu Bylting við Vatnsmýrina. Enginn aðgangseyrir.

**17.30** Íslenskt? Já takk, síðdegistónleikar með **Jónasi Ingimundarsyni** í Salnum. Ásamt honum flytur **Sveinn Dúa Hjörleifsson** tenór íslenskar sönglperlur. Miðaverð er kr. 1.500.

**19.30** **Menningarhúsið Hof** í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands býður til konukvölds í Hofi með fordrykk og fjölbreyttri dagskrá með þekktum listamönnum. Miðaverð er kr. 1.200 og allur ágóði rennur til Bleiku slaufunnar.

**20.00** **Krýsuvíkursamtökin** fagna 25 ára afmæli sínu í Austurbæ. Fram koma meðal annars Bubbi Morthens, KK, Bjartmar Guðlaugsson, Fræbbblarnir og Karlakórinn Þrestir. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Tónlistarhópurinn **Jaðarber** endurvekur mörg af eftirminnilegustu verkum tónlistarhópsins Musica Nova á ókeypis tónleikum á Kjarvalsstöðum.

**21.00** **Ester Jökuls** heldur tónleika ásamt hljómsveit á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** **Edda Borg** kemur fram ásamt hljómsveit á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í Norræna húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### ➜ Leiklist

**20.00** Forsýning á sýningunni **Steini, Pési og gaur** á trommu fer fram í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 1.500.

### ➜ Fundir

**20.00** **Sigurjón Baldur Hafsteinsson** flytur erindi um Sigurð Guðmundsson málara og hugmyndir hans um híbýli manna á þjóðveldisöld í Fræðslumiðstöð Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**








**EFTIR LOKIN** Sveinn Ólafur Gunnarsson og Lilja Nótt Þórarinsdóttir í hlutverkum sínum í verki Dennis Kelly, sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói næsta laugardag.

# Breytist í heimsendaleikara

**Nýr leikhópur, SuðSuðVestur, stendur að uppfærslu verksins Eftir lokin eftir breska leikskáldið Dennis Kelly í Tjarnarbíói. Sveinn Ólafur Gunnarsson og Lilja Nótt Þórarinsdóttir leika undir stjórn Stefáns Halls Stefánssonar, en verkið verður frumsýnt á laugardag.**

„Þetta er mögnuð saga um mjög ólíka einstaklinga sem eru innilokaðir í þröngu rými og freista þess að halda sönsum,“ segir Sveinn Ólafur Gunnarsson, annar leikenda í verkinu Eftir lokin eftir Dennis Kelly sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói næsta laugardagskvöld.

Verkið segir frá þeim Markúsi og Lísu, leiknum af Sveini Ólafi og Lilju Nótt Þórarinsdóttur, sem eru innilokuð í sprengjubyrgi eftir loftárás. Þau lifa af hörmungarnar, en stóra spurningin er hvort þau lifi hvort annað af í þessu eldfima ástandi.

Eftir lokin var frumsýnt árið 2005, en verk Englendingsins Kelly hafa verið vinsæl síðustu ár og voru tvö þeirra samtímis á fjölum Borgarleikhússins fyrir skemmstu, Munaðarlaus og Elsku barn. Stefán Hallur Stefánsson er leikstjóri og nýr leikhópur, SuðSuðVestur, stendur að sýningunni. „Stefán Hallur og Lilja fengu mig til liðs við sig því þau hrifust svo mjög af þessu verki. Þegar ég svo las leikritið skildi ég strax hvað þau áttu við, því það er mjög fallega skrifað og sagan snertir mann. Í raun er vandasamt að tala um þetta verk án þess að segja of mikið, en ég get þó lofað því að tilfinningarnar eru fyrirferðarmiklar,“ segir Sveinn Ólafur og bætir við að verk Kelly séu flest skemmtilega ólík hvert öðru.

Svo furðulega vill til að samhliða því að leika í Eftir lokin æfir Sveinn Ólafur nú af kappi með Grindvíska Atvinnuleikhúsinu (GRAL) fyrir frumsýningu verksins Endalok alheimsins eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson, sem frumsýnt verður 4. nóvember. Þá fer Sveinn einnig með lítið hlutverk í þáttunum Heimsendi á Stöð 2. „Það er eins og ég sé að breytast í heimsendaleikara,“ segir Sveinn og hlær. „En ég hef alltaf kosið að líta á heimsendi sem tækifæri til að byrja upp á nýtt, með hreint blað, fremur en að öllu sé lokið. Þannig hugsaði ég líka um hrunið hérna heima. Vonandi er þetta góður fyrirboði,“ segir Sveinn.

**kjartan@frettabladid.is**

# Innblástur frá leirmunum

Myndlist ★★★

**Rætur, Ragnar Jónasson**

Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12

**Til 20. nóv. Opið föstudaga til til sunnudaga frá 13 til 17.**

Ragnar Jónasson sýnir í Galleríi Ágúst, skúlptúra og málverk. Hann er búsettur í Glasgow, en þar lauk hann meistaragráðu í myndlist fyrir þremur árum. Verk hans hafa vakið athygli og hann hefur hlotið styrki og viðurkenningar.

Ragnar vinnur með hefðbundna miðla, málverk og skúlptúr. List hans tekur að einhverju leyti mið af hönnun, er á því opna, gráa svæði milli myndlistar og hönnunar sem hefur verið myndlistarmönnum frjór jarðvegur um árabil. Í texta með sýningunni nefnir hann sjálfur eldhúsinnréttingar frá miðri síðustu öld í tengslum við abstrakt málverk sín og leirmuni frá Glit þegar hann skrifar um skúlptúra sína.

Skúlptúrarnir eru grípandi við fyrstu sýn, frábærlega skemmtilegir, sambland af mörgu sem sést hefur síðustu ár en þó persónulegir. Hér eru lekandi línur og ávöl form, eins og sambland af blómavösum, renndum borðfótum og hattíföttum, verk full af skemmtilegri kímni. Áferðin er eins og leirhárið sem börn gera á fígúrur sínar með hvítlaukspressu, sprautaðar lengjur í litum og með áferð sem minnir einmitt á munina frá Glit frá síðustu öld. Lengjurnar gætu líka verið lekandi málning. Þetta eru stórskemmtileg verk sem fela í sér tilvísanir í margar áttir, í strauma í skúlptúr, þjóðlegar hefðir, minna jafnvel á hraundranga.



**RÆTUR** Frá sýningu Ragnars Jónassonar í Galleríi Ágúst við Baldursgötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í kringum drangana eru síðan klippiverk úr ljósmyndum þar sem náttúran, hraun og gróður umbreytist og verða annarleg og áleitin. Einfalt bragð sem virkar vel, tengist bæði ljósmyndum eins og við höfum séð hjá t.d. Hrafnkeli Sigurðssyni og hefð landslagsmálverka. Markmiðið virðist vera að skapa einhvers konar framandleika sem jaðrar við vísindaskáldskap.

Abstraktverkin eru fyrst og fremst skreytikennd og poppuð. Það er yfir þeim ferskleiki og litagleði sem bjargar þeim frá innihaldslitlu máttleysi en þau eru ekki áleitin á sama hátt og hin verkin. Eitt verk brúar bilið, þar virðist vera vaxtarsproti í áhugaverða átt.

Áhugasvið Ragnars liggur fyrst og fremst í sjónrænum og efnislegum þáttum, hann skoðar áferð, mynstur, form, línur og liti. Að baki býr ástríða myndlistarmannsins sem nær að taka verkin skrefinu lengra og marka þeim sess innan ramma frjálsra lista.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Ragnar Jónasson er listamaður sem vert er að fylgjast með. Hér sýnir hann fersk og áleitin listaverk sem vinna á mörkum hönnunar og myndlistar. Persónuleg verk sem vekja athygli fyrir nýstárlega og frumlega efnisnotkun.


STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR




HARPA
Kaldalón
Laugard. 29. okt.
kl. 15:00

Miðaverð
kr. 2.200

Forsala á harpa.is

Efnisskráin er helguð stórsveit Count Basie og tónskáldinu Sammy Nestico. Flutt verður öll tónlistin af hinni rómuðu plötu **Basie, Straight Ahead** frá árinu 1968, auk nokkurra annarra verka frá sama tíma.

Stjórnandi: Sigurður Flosason

Styrkt af Reykjavíkurborg Tónlistarsjóður

# TÖFRARNIR VÍSA VEGINN



Myndir Vigdísar, sem hún málaði samhliða skrifunum, eru til sýnis á Borgarbókasafni í Tryggvagötu og í menningarmiðstöðinni Gerðubergi.




Hlustaðu á Vigdísi lesa fyrsta kafla bókarinnar á forlagid.is

*Heillandi og eftirminnileg skáldsaga eftir eina dáðustu skáldkonu þjóðarinnar*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**200.000** **ÍSLENSKAR KRÓNUR** er upphæðin sem söngkonan Rihanna eyddi í kynlífsbúðinni Lovestore í París. Söngkonan var stödd í borginni til að halda tónleika en söngkonan keypti sér meðal annars handjárn, leikföng og olíur.


Kennsla í Stafgöngu



**Laugardaginn 29. okt.**
kl. 12.00-14.00

eða

**Laugardaginn 5. nóv.** kl. 9.00-11.00

Kennsla inni og síðan er farið út og stafirnir prófaðir

**Verð kr. 2.900,-**

**Komdu og vertu með annan hvorn daginn!**

Stafganga er í boði á ýmsum tímum
í Heilsuborg – Hressandi æfingar úti

Skráning í síma 560 1010

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is







**FRÆGUR FERRIER**

Hinn hálfíslenski **Fredrik Ferrier**, sem nýtur frægðarinnar í kjölfarið á velgengni raunveruleikaþáttanna Made in Chelsea, er hér ásamt kærustu sinni, **Alessöndru Würfel**. Saman stilla þau sér upp fyrir tímaritið Hello!, en Ferrier bauð kærustunni óvænt til New York eftir þriggja mánaða samband.

# Í STÓRU VIÐTALI VIÐ HELLO!

**Frægðarsól Fredriks Kristjáns Jónssonar Ferrier heldur áfram að rísa í Bretlandi. Breska tímaritið Hello! fjallar um ferðalag hans og kærustunnar til New York og lúxuslífsstíl raunveruleikaþáttastjörnunnar.**

Hin hálfíslenska raunveruleikaþáttastjarna Fredrik Ferrier er í tveggja opna viðtali í nýjasta tölublaði breska tímaritsins Hello! ásamt kærustu sinni Alessöndru Würfel. Í viðtalinu talar Ferrier um ástina, velgengni raunveruleikaþáttarins Made in Chelsea og lúxuslífsstílinn sem hann hefur tileinkað sér.

Fredrik Kristján Jónsson Ferrier, sem á íslenskan föður, er fyrirsæta og tónlistarmaður, en kærasta hans hefur gert garðinn frægan sem nærfatamódel fyrir Agent Provocateur. Ástæðan fyrir viðtalinu er sú að Ferrier bauð kærustunni óvænt til New York, en fjölskyldan hans á þakíbúð á Manhattan þar sem fyrirsætuparið sat fyrir við myndatöku.

Raunveruleikaþættirnir Made in Chelsea hafa slegið í gegn í Bretlandi og er nú verið að sýna aðra þáttaröðina. Sýningar eru hafnar á þáttunum í Ástralíu og hafa Bandaríkjamenn einnig áhuga. Krakkarnir frá Chelsea gætu því verið á barmi heimsfrægðar, samkvæmt Hello!, en í þáttunum er fylgst með vinahópi frá fínu hverfunum í London.

Í viðtalinu greinir Ferrier frá því að honum líki vel við athyglina, enda eru hann og hinir krakkarnir í þáttunum daglegir gestir á síðum slúðurblaðanna og á rauða dreglinum í London.

„Ég verð að vera alveg hreinskilinn og viðurkenna að foreldrar mínir halda mér uppi. Þegar ég var í námi gáfu þau mér pening ef ég stóð mig vel, en ég fékk ekkert ef ég stóð mig illa. Þannig lærði ég að kunna að meta peninga en ég veit að ég nýt forréttinda í lífinu.“

Ferrier syngur og spilar á víólu og píanó, en hann heillaði Würfel upp úr skónum með því að syngja fyrir hana í Harrods-verslunarmiðstöðinni á fyrsta stefnumótinu.

alfrun@frettabladid.is


Amerískir með klakavél



vilborga@centrum.is

**Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.**

Tilboð
kr. **369.000** stgr.
**Verðlistaverð kr. 461.250**

GCE21LGY / **Stærð:** h 177.5 x b 90.9 x d 63 sm
**Kælir:** 383 ltr. / **Frystir:** 172 ltr. **Stálhurðir / Orkuflokkur A**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**



# Noel enn hundfúll

Noel Gallagher segir það útilokað að hann komi aftur fram með hljómsveitinni Oasis. Rætt hefur verið um að sveitin fagni 20 ára afmæli plötunnar (What‘s the Story) Morning Glory? árið 2015 með tónleikum en Noel hyggst ekki taka þátt í þeim. Bróðir hans Liam megi hins vegar vel halda slíka tónleika kjósi hann svo. „Hann má spila plötuna ef hann vill. Mér er sama,“ segir Noel. Liam hafði áður lýst yfir áhuga á að koma aftur fram með bróður sínum.

Noel hætti í Oasis árið 2009 eftir rifrildi við bróður sinn. „Það er ástæða fyrir því að ég hætti í hljómsveitinni og hún stendur enn,“ segir Noel, sem gaf á dögunum út fyrstu sólóplötu sína. Liam gaf fyrir skemmstu út plötu með hljómsveitinni Beady Eye.



**NOEL GALLAGHER** Vill ekki troða upp með bróður sínum.

# Lindsay Lohan flettir sig klæðum

Vandræðagemlingurinn Lindsay Lohan deyr ekki ráðalaus en nýjustu fregnir herma að hún hafi tekið tilboði Hughs Hefner um að fletta sig klæðum fyrir Playboy.

Samkvæmt vefsíðunni tmz.com hljóðar tilboðið upp á rúmar 115 milljónir íslenskra króna og er þegar búið að taka hluta af myndunum. Lohan hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið heldur verið inn og út úr meðferðum og fangelsum. Í vikunni sást til hennar á líkhúsi í Los Angeles þar sem hún sinnir samfélagsþjónustu til að bæta fyrir brot sín en Lohan hefur margoft verið tekin með eiturlyf í fórum sínum og fyrir að keyra undir áhrifum.

Fjölmiðlar vestanhafs telja að nektarmyndatakan í Playboy sé liður í að lappa upp á feril Lohan en einnig að leikkonan sé peningaþurfi enda ekki unnið neitt að ráði í mörg ár.



**NEYÐIN KENNIR ...** Leikkonan Lindsay Lohan ætlar að sitja í fyrsta sinn fyrir allsnakin í tímaritinu Playboy.
NORDICPHOTOS/GETTY




Tónlist ★★★

**Kebab diskó**
Orphic Oxtra

## Flott framhald

Hljómsveitin Orphic Oxtra vakti athygli í fyrra bæði með líflegu tónleikahaldi og fyrstu plötunni sinni sem bar nafn sveitarinnar, en á henni var fjörmikil danstónlist af balkönskum uppruna. Á Kebab diskó heldur sveitin áfram á svipuðum slóðum, en nú blandar hún fleiri bragðtegundum við balkan- og klezmer-grunninn.

Það eru þrettán meðlimir í Orphic Oxtra á plötunni og þeir sýna fín tilþrif á hljóðfærin. Lögin ellefu eru frumsamin. Þau standa öll ágætlega fyrir sínu, en eru samt miseftirminnileg. Mín uppáhaldslög á plötunni eru titillagið Kebab diskó, Banvænn bílaeltingarleikur á götum Damaskusborgar, Maritsa og Skeletons Having Sex On a Tin Roof, en það síðastnefnda er að einhverju leyti byggt á samnefndu lagi með Swords of Chaos.

Kebab diskó er fín plata sem sýnir að það er mikill hugur í meðlimum Orphic Oxtra og þeir eru opnir fyrir því að taka nýja strauma inn í tónlistina. Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig tónlist sveitarinnar þróast á næstu plötum.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Balkansveitin Orphic Oxtra rúllar plötu númer tvö upp með stæl.







# Gibb skilaði inn vottorði

**Robin Gibb hefur aflýst öllum tónleikum sínum á næstunni samkvæmt læknisráði. Hann verður því ekki meðal gesta hjá Björgvini Halldórssyni í byrjun desember. Við höldum bara ótrauðir áfram, segir Bó en hætt hefur verið þriðju tónleikana.**



**VEIKINDI HAMLA ÍSLANDSFÖR** Robin Gibb er of veikur til að koma fram á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. Umboðsmaður söngvarans segir veikindin af sama meiði og drógu tvíburabróður hans til dauða. Björgvin segir að þeir haldi engu að síðu ótrauðir áfram þrátt fyrir brotthvarfið.

Tilkynningin um forföll Robins Gibb barst tónleikahaldaranum Ísleifi B. Þórhallssyni í gærdag, ásamt læknisvottorði þar sem komu fram skýr fyrirmæli frá lækni bresku poppstjörnunnar um að hann ætti að taka því rólega á næstunni. Heilsufar Gibbs hefur verið mikið í umræðunni í Bretlandi að undanförnu eftir að hann var lagður inn á sjúkrahús vegna ristilbólgu 13. október. Gibb útskrifaðist síðan af sjúkrahúsi fyrir viku og sagðist ætla að ná fyrri kröftum og starfsmenn popparans sendu Ísleifi bréf, eins og Fréttablaðið greindi frá, þar sem kom fram að allt yrði í lagi, Gibb myndi mæta eins og lög gerðu ráð fyrir. „Þeir hafa verið mjög fagmannlegir í öllum sínum samskiptum og létu okkur strax vita þegar þetta breyttist,“ segir Ísleifur.

